FÉLAG ATVINNUREKENDA

Nefndasvið Alþingis
B.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2023

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um póstþjónustu (úrbætur á póstmarkaði), 531. mál**

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til beiðni umhverfis- og samgöngunefndar, dags. 13. febrúar sl., um umsögn um ofangreint mál, á þingskjali 673.

FA takmarkar umsögn þessa við 2. grein frumvarpsins, sem kveður á um að alþjónustuveitanda sé heimilt að setja upp bréfakassasamstæður fyrir alla móttakendur póstsendinga á höfuðborgarsvæðinu og í öðru þéttbýli.

Í greinargerð frumvarpsins er fjallað um rökin fyrir þessari útvíkkuðu heimild til alþjónustuveitanda, sem í dag er Íslandspóstur ohf., til að dreifa bréfum með þessum hætti í stað þess að bera þau út í hvert hús. FA tekur undir að með mikilli fækkun bréfasendinga sé þetta eðlileg breyting til að draga úr kostnaði við póstþjónustu, að því gefnu að útfært verði hvernig komið verði til móts við þá sem ekki eru færir um að sækja póstinn sinn sjálfir, eins og fjallað er um í greinargerðinni.

FA gerir hins vegar athugasemd við þann hluta rökstuðningsins að þetta sé liður í að „reyna að draga úr kostnaði ríkissjóðs vegna póstmála“. Í greinargerðinni er vísað til tillagna starfshóps samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sem „eiga fyrst og fremst að stuðla að því að lækka kostnað ríkissjóðs af póstþjónustu, þ.e. svonefndan alþjónustukostnað.“

Það er nefnilega svo að sé farið að póstlögunum ber ríkissjóður og þar með skattgreiðendur lítinn sem engan kostnað af alþjónustudreifingu í þéttbýli. Í 3. mgr. 17. gr. laga nr. 98/2019 um póstþjónustu segir: *„Gjaldskrár fyrir alþjónustu, þar á meðal gjaldskrár vegna erlendra póstsendinga, skulu taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði.“* Með öðrum orðum má alþjónustuveitandinn ekki tapa á þjónustunni. Þetta lagaákvæði á sér fordæmi í hinni evrópsku póstlöggjöf og er til þess ætlað að koma í veg fyrir að stjórnvöld niðurgreiði samkeppni alþjónustuveitenda – sem alla jafna eru ríkisfyrirtæki eða fyrrverandi einkaréttarhafar – við einkarekna keppinauta.

Af þessu leiðir að ríkissjóður á ekki að bera neinn kostnað sem heitið getur af alþjónustu í þéttbýli. Í Viðauka II við póstlögin kemur fram að alþjónustukostnað sé hægt að heimfæra á *„[t]iltekna notendur eða hópa notenda sem aðeins er hægt að þjóna með tapi eða með meiri kostnaði en eðlilegt getur talist í viðskiptum, að teknu tilliti til kostnaðar og tekna af starfrækslu viðkomandi þjónustu og viðeigandi samræmdra gjalda.*
*Undir þennan flokk falla notendur og hópar notenda sem fengju enga þjónustu hjá póstrekanda sem starfaði á viðskiptagrundvelli og væri ekki skylt að veita alþjónustu.“*

Hús verslunarinnar | 103 Reykjavík | Sími 588 8910
atvinnurekendur@atvinnurekendur.is | www.atvinnurekendur.is
Kt. 530169-5459 | Banki 01515-26-6440

Þetta er hægt að heimfæra á t.d. blinda eða fatlaða eða íbúa dreifbýlis. Samkeppni er hins vegar í póstþjónustu á velflestum þéttbýlisstöðum landsins. Íslandspóstur ohf. ætti því ekki að fá neinar alþjónustugreiðslur að ráði vegna bréfadreifingar í þéttbýli. Það að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið telji að breytingin skv. 2. grein dragi úr kostnaði ríkissjóðs bendir til að það sé einmitt rétt sem FA hefur ítrekað bent á, að verið sé að niðurgreiða samkeppnisrekstur Íslandspósts með greiðslum úr ríkissjóði vegna alþjónustu.

Að mati FA hafa bæði Póst- og fjarskiptastofnun og Byggðastofnun, eftir að hún tók við eftirliti með póstþjónustu, tekið rangar og ólögmætar ákvarðanir um endurgjald til Íslandspósts ohf. vegna meintrar alþjónustubyrði. Í nýlegri ákvörðun Byggðastofnunar (Á-3/2023), um 665 milljóna króna endurgjald til handa Íslandspósti ohf. vegna alþjónustu á árinu 2022, er til að mynda byggt á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 13/2020 um skiptingu landsins í virk og óvirk markaðssvæði. Allir sem koma nálægt póstmarkaðnum vita að sú ákvörðun var röng og ómálefnaleg, en þar var fjöldi póstlúga á þéttbýlisstöðum látinn ráða því hvort þau væru virk eða óvirk í samkeppnislegu tilliti, alveg burtséð frá því hvort raunveruleg samkeppni ríki í póstþjónustu. Þéttbýlisstaðir í alfaraleið, sem nokkrir póstrekendur þjónusta, geta þannig talizt óvirkt markaðssvæði, þvert á alla skynsemi. Það er langtum stærra hagsmunamál skattgreiðenda – að því gefnu að vilji sé til að fara að póstlögunum – að skilgreiningum á virkum og óvirkum markaðssvæðum sé breytt en að heimila Póstinum að setja upp bréfakassasamstæður í þéttbýli.

Að mati FA er eftirlit lélegt með því að samkeppnisstarfsemi Póstsins sé ekki niðurgreidd með fé skattgreiðenda. Að mati félagsins er samfara lagabreytingunni nauðsynlegt að skerpa á því í póstlögunum að rekstur bréfakassasamstæðna sé algjörlega aðskilinn frá rekstri svokallaðra póstboxa, sem notuð eru fyrir pakkadreifingu sem Pósturinn stundar í harðri samkeppni við einkaaðila.

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,

Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Hús verslunarinnar | 103 Reykjavík | Sími 588 8910
atvinnurekendur@atvinnurekendur.is | www.atvinnurekendur.is
Kt. 530169-5459 | Banki 0515-26-6440

*Innviðaráðuneytið*

# *Minnisblað*

| | |
|---|---|
| Viðtakandi: | **Umhverfis- og samgöngunefnd** |
| Sendandi: | **Innviðaráðuneytið** |
| Dagsetning: | **09.03.2023** |
| Málsnúmer: | **IRN22040062** |
| Bréfalykill: | **10.1** |

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um póstþjónustu

Ráðuneytið vísar til beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 2. febrúar sl., þar sem farið er þess á leit við ráðuneytið með vísan til 51. gr. þingskaparlaga nr. 55/1991, með síðari breytingum, að ráðuneytið skili minnisblaði til nefndarinnar þar sem brugðist er við innsendum erindum til nefndarinnar vegna **þingskjals 673 – 531. mál**.

Ráðuneytið tekur fyrir innsend erindi í stafrófsröð.

**Erindi Félags atvinnurekanda**
Félagið einblínir á 2. gr. frumvarpsins og gerir athugasemdir við þann hluta rökstuðnings að 2. gr. sé liður í því að reyna að draga úr kostnaði ríkissjóðs vegna póstmála. Bendir félagið á að ríkið greiði lítinn hluta af alþjónustu í þéttbýli.

Ráðuneytið tekur undir þetta. Heimild laganna tekur ekki aðeins til þéttbýlustu kjarnanna og höfuðborgarsvæðisins og mun stuðla að aukinni hagkvæmni sem mun vonandi á endanum lækka kostnað ríkisins. Það breytir ekki þeirri staðreynd að úrræði sem þetta mun að leiða til hagræðingar í rekstri hjá alþjónustuveitanda og minni útgjalda ríkissjóðs vegna kostnaðar í dreifðari byggðum.

Félagið tekur einnig fyrir ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar og nú ákvörðun Byggðastofnunar um endurgjald til handa alþjónustuveitanda og einnig eftirlitsstarfsemi með póstþjónustu. Ráðuneytið bendir á að nefnd atriði eru ekki meðal efnisatriða frumvarps þessa og því tekur ráðuneytið ekki afstöðu til þessara atriða.

**Erindi Íslandspósts**
Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við erindið.

**Erindi Neytendasamtakanna**
Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir en leggur áherslur á að komið verður til móts við einstaklinga sem munu ekki geta sótt bréf í bréfakassasamstæður t.d. vegna öldrunar, veikinda eða fötlunar svo dæmi sé tekið.

**Erindi Samtaka atvinnulífsins.**
Samtök atvinnulífsins telja að orðið „böggull" sé mikið notað hér á landi yfir pakka. Ráðuneytið er ósammála þessu og bendir á að þó að orð finnist í íslenskri orðabók þá er það ekki sönnun þess að það sé mikið notað. Ekki er talin ástæða til að breyta orðanotkun þessari í þessu lagafrumvarpinu að svo stöddu.

**Erindi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu**
Ráðuneytið hefur skilning á áhyggjum samtakanna. Bent skal á að um heimildarákvæði er að ræða og líklegt þykir að smærri svæði verði tekin fyrir sem tilraunaverkefni. Þá verði haft ríkulegt samráð og gætt að skipulagi hvers svæðis fyrir sig.

**Erindi Samtaka verslunar og þjónustu.**
Fram kemur í erindi samtakanna að Byggðastofnun hafi skort umboð vegna mistaka við lagasetningu. Ráðuneytið hafnar þessu og bendir á að verkefni Byggðastofnunar í gildandi lögum eru tiltekin í gildandi lögum sjá m.a.1. tölul. 2. mgr. 3.: *Að annast framkvæmd laga þessara og hafa eftirlit með póstþjónustu eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Stofnunin skal framfylgja lögunum og*

*stuðla að því að markmið þeirra náist.* Önnur umkvörtunarefni samtakanna varða ekki frumvarp þetta.

**Erindi Öryrkjabandalags Íslands**
Ráðuneytið hefur skilning á áhyggjum Öryrkjabandalags Íslands á þeirri óvissu sem frumvarpið kann að valda varðandi framtíð bréfaútburðar. Ráðuneytið bendir á að um heimildarákvæði er að ræða og þá verður haft ríkulegt samráð við hagsmunahópa til að tryggja að sem flest sjónarmið komist að.

Innviðaráðuneytið

# Viðhorf til breytinga hjá póstinum

Mars 2022

Maskína

## Markmið og framkvæmd

Könnun þessi er gerð af Maskínu fyrir Innviðaráðuneytið. Hún er um viðhorf fólks til breytinga hjá póstinum .

Könnunin var lögð fyrir **Þjóðgátt Maskínu,** sem er þjóðhópur fólks (e. panel) sem dreginn er með tilviljun úr Þjóðskrá. Könnunin fór fram á netinu. Svarendur eru af öllu landinu og á aldrinum 18 ára og eldri. Við úrvinnslu voru gögnin vegin til samræmis við tölur Hagstofunnar þannig að hópurinn sem svarar endurspeglar þjóðina út frá kyni, aldri og búsetu. Við vigtun gagna getur birst örlítið misræmi í fjöldatölum og hlutföllum sem orsakast af námundun.

Könnunin fór fram frá **17. til 29. mars 2022** og voru svarendur **1.095** talsins.

## Stuttar skýringar á tölfræðihugtökum í mælaborði

**Meðaltal** í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.

**Staðalfrávik** í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítill munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðhorfið en þegar staðalfrávikið er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.

**Vikmörk** eru talnabil utan um meðaltal sem inniheldur raunverulegt meðaltal í þýði (allir) með 95% vissu.

Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

Reykjavík, 31. mars 2022.
Með þökk fyrir gott samstarf,

starfsfólk Maskínu

Efni skýrslunnar er háð höfundarrétti Maskínu. Öll opinber dreifing eða fjölritun er óheimil nema með skriflegu samþykki Maskínu. Maskína er aðili að ESOMAR.
Allur réttur áskilinn: © Maskína-rannsóknir ehf.
Maskína er skrásett vörumerki Maskínu-rannsókna ehf.

## Helstu niðurstöður

**38,6%**

Eru ánægð með póstþjónustu á Íslandi

**44,9%**

Telja póstþjónustu fullnægja þörfum

**82,5%**

Segja pakka í póstbox henta vel

**58,8%**

Segja bréf í póstbox henta vel



## 12. Hvort myndir þú frekar vilja sækja pakka í næsta póstbox/pósthús eða fá pakkann sendan heim fyrir X kr. viðbótarkostnað?




## 15. Værir þú tilbúin(n) að greiða X kr. fyrir að senda venjulegt 50 gramma bréf í póst innanlands?




## 16. Værir þú tilbúin(n) að greiða X kr. fyrir að senda pakka (undir 2 kg) í pósti innanlands?




*Hver svarandi í könnuninni fékk einungis spurningu um eitt verð í spurningum 12, 15 og 16.
*Hópurinn sem svaraði já við að greiða 350 kr. í sp.15 fær oftar sendan pakka heim að dyrum, sendir oftar bréf og er meira mótfallinn því að pósthúsum fækki en hópurinn sem svaraði já við að greiða 300 kr.
*Hópurinn sem svaraði já við að greiða 1.500 kr. í sp.16 sendir sjaldnar bréf og er meira mótfallinn því að dregið sé úr póstþjónustu en hópurinn sem svaraði já við að greiða 1.200 kr.

## 1. Hversu langt er í næstu matvöruverslun frá heimili þínu?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Minna en 1 km | 359 | 33,5% |
| 1-1,9 km | 320 | 29,8% |
| 2-2,9 km | 159 | 14,9% |
| 3-3,9 km | 39 | 3,6% |
| 4 -4,9 km | 17 | 1,6% |
| 5-5,9 km | 44 | 4,2% |
| 6 km eða meira | 134 | 12,5% |
| Gild svör | 1.072 | 100,0% |
| | | |
| Svöruðu ekki | 23 | 2,1% |
| Heildarfjöldi | 1.095 | 100,0% |



## 1. Hversu langt er í næstu matvöruverslun frá heimili þínu?

| | | Minna en 1 km | 1-1,9 km | 2-2,9 km | 3-3,9 km | 4 -4,9 km | 5-5,9 km | 6 km eða meira |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir | (1072) | 33,5% | 29,8% | 14,9% | 3,6% | 1,6% | 4,2% | 12,5% |
| **Kyn** | | | | | | | | |
| Karl | (541) | 36,2% | 29,4% | 13,9% | 3,2% | 1,5% | 3,5% | 12,2% |
| Kona | (530) | 30,7% | 30,3% | 15,8% | 4,1% | 1,6% | 4,8% | 12,8% |
| **Aldur** | | | | | | | | |
| 18-29 ára | (243) | 36,5% | 30,5% | 16,6% | 3,2% | 0,8% | 2,3% | 10,2% |
| 30-39 ára | (203) | 45,4% | 28,4% | 11,6% | 3,8% | 1,0% | 3,9% | 6,0% |
| 40-49 ára | (179) | 31,1% | 33,3% | 10,4% | 1,7% | 3,4% | 4,9% | 15,1% |
| 50-59 ára | (169) | 26,4% | 34,2% | 15,4% | 4,8% | 1,5% | 3,9% | 13,8% |
| 60 ára og eldri | (278) | 27,9% | 25,4% | 18,2% | 4,3% | 1,6% | 5,6% | 16,8% |
| **Búseta** | | | | | | | | |
| Reykjavík | (402) | 39,3% | 29,1% | 15,8% | 3,1% | 2,7% | 2,9% | 7,2% |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | (285) | 35,7% | 32,2% | 17,4% | 3,5% | 1,3% | 3,3% | 6,6% |
| Suðurland og Reykjanes | (157) | 25,1% | 30,3% | 17,2% | 7,2% | 0,2% | 6,6% | 13,4% |
| Vesturland og Vestfirðir | (70) | 25,3% | 23,8% | 8,4% | 2,5% | | 4,5% | 35,5% |
| Norðurland | (104) | 26,9% | 31,7% | 6,1% | 1,8% | | 5,7% | 27,8% |
| Austurland | (53) | 25,0% | 26,3% | 12,9% | 2,6% | 4,1% | 7,5% | 21,6% |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

# 1. Hversu langt er í næstu matvöruverslun frá heimili þínu?

| | | Minna en 1 km | 1-1,9 km | 2-2,9 km | 3-3,9 km | 4 -4,9 km | 5-5,9 km | 6 km eða meira |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir | (1072) | 33,5% | 29,8% | 14,9% | 3,6% | 1,6% | 4,2% | 12,5% |
| **Menntun** | | | | | | | | |
| Grunnskólapróf | (247) | 29,3% | 27,6% | 15,6% | 4,7% | 2,5% | 5,7% | 14,7% |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmennt.. | (373) | 29,7% | 29,9% | 15,1% | 3,0% | 1,0% | 5,1% | 16,2% |
| Háskólapróf | (391) | 40,8% | 30,8% | 14,4% | 3,6% | 1,8% | 2,2% | 6,5% |
| **Heimilistekjur** | | | | | | | | |
| Lægri en 400 þúsund | (114) | 38,0% | 18,6% | 15,7% | 4,4% | 1,6% | 1,4% | 20,3% |
| 400 til 549 þúsund | (96) | 26,0% | 25,5% | 24,9% | 1,2% | | 9,1% | 13,3% |
| 550 til 799 þúsund | (177) | 33,2% | 26,9% | 15,9% | 3,0% | 0,6% | 3,0% | 17,4% |
| 800 til 999 þúsund | (134) | 31,6% | 31,4% | 12,5% | 1,7% | 1,0% | 8,6% | 13,3% |
| Milljón til 1.199 þúsund | (127) | 36,1% | 38,3% | 8,8% | 4,1% | 3,0% | 1,4% | 8,3% |
| 1.200 þúsund eða hærri | (103) | 36,7% | 35,3% | 15,6% | 6,1% | 1,2% | 1,1% | 3,9% |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

# 1. Hversu langt er í næstu matvöruverslun frá heimili þínu?

| | | Minna en 1 km | 1-1,9 km | 2-2,9 km | 3-3,9 km | 4 -4,9 km | 5-5,9 km | 6 km eða meira |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir | (1072) | 33,5% | 29,8% | 14,9% | 3,6% | 1,6% | 4,2% | 12,5% |

## 2. Með hvaða póstsendingarfyrirtæki færðu oftast sendan pakka?

| | | Minna en 1 km | 1-1,9 km | 2-2,9 km | 3-3,9 km | 4 -4,9 km | 5-5,9 km | 6 km eða meira |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Pósturinn | (526) | 29,1% (153) | 30,1% (158) | 15,0% (79) | 3,9% (20) | 1,6% (8) | 5,0% (26) | 15,4% (81) |
| Annað | (371) | 38,6% (143) | 31,7% (117) | 14,2% (53) | 3,2% (12) | 1,5% (6) | 3,3% (12) | 7,5% (28) |
| Fæ aldrei sendan pakka | (163) | 37,0% (60) | 24,8% (40) | 16,9% (28) | 3,3% (5) | 1,8% (3) | 3,2% (5) | 13,0% (21) |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

## 2. Með hvaða póstsendingarfyrirtæki færðu oftast sendan pakka?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Pósturinn | 534 | 49,4% |
| DHL | 136 | 12,6% |
| Dropp | 20 | 1,9% |
| FedEx | 9 | 0,8% |
| Annað | 25 | 2,3% |
| Veit ekki | 188 | 17,4% |
| Fæ aldrei sendan pakka | 168 | 15,5% |
| Gild svör | 1.080 | 100,0% |
| | | |
| Svöruðu ekki | 15 | 1,4% |
| Heildarfjöldi | 1.095 | 100,0% |



## 2. Með hvaða póstsendingarfyrirtæki færðu oftast sendan pakka?

| | | Pósturinn | DHL | Dropp | FedEx | Annað | Veit ekki | Fæ aldrei sendan pakka |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Allir** | (1080) | 49,4% | 12,6% | 1,9% | 0,8% | 2,3% | 17,4% | 15,5% |
| **Kyn** | | | | | | | | |
| Karl | (536) | 45,9% | 13,0% | 1,4% | 0,7% | 2,1% | 18,9% | 18,0% |
| Kona | (544) | 53,0% | 12,2% | 2,4% | 0,9% | 2,6% | 16,0% | 13,1% |
| **Aldur** | | | | | | | | |
| 18-29 ára | (243) | 48,2% | 20,2% | 2,9% | 1,2% | 1,2% | 18,8% | 7,5% |
| 30-39 ára | (206) | 49,2% | 16,4% | 2,8% | 1,4% | 2,1% | 17,4% | 10,6% |
| 40-49 ára | (182) | 53,1% | 13,7% | 1,6% | 0,7% | 3,0% | 18,4% | 9,5% |
| 50-59 ára | (170) | 55,1% | 10,2% | 1,6% | | 2,6% | 17,9% | 12,6% |
| 60 ára og eldri | (280) | 44,9% | 3,9% | 0,7% | 0,6% | 2,8% | 15,2% | 31,8% |
| **Búseta** | | | | | | | | |
| Reykjavík | (408) | 41,6% | 14,0% | 1,0% | 0,4% | 2,9% | 21,7% | 18,4% |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | (289) | 29,3% | 22,7% | 2,9% | 1,0% | 1,8% | 21,9% | 20,4% |
| Suðurland og Reykjanes | (157) | 65,0% | 7,3% | 1,8% | 2,1% | 2,4% | 10,4% | 11,0% |
| Vesturland og Vestfirðir | (71) | 71,0% | 2,2% | 4,6% | 1,2% | 1,9% | 12,0% | 7,1% |
| Norðurland | (103) | 83,0% | | 1,0% | | 1,8% | 8,5% | 5,8% |
| Austurland | (52) | 80,2% | | 2,0% | | 1,6% | 5,7% | 10,5% |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

## 2. Með hvaða póstsendingarfyrirtæki færðu oftast sendan pakka?

| | | Pósturinn | DHL | Dropp | FedEx | Annað | Veit ekki | Fæ aldrei sendan pakka |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Allir** | (1080) | 49,4% | 12,6% | 1,9% | 0,8% | 2,3% | 17,4% | 15,5% |
| **Menntun** | | | | | | | | |
| Grunnskólapróf | (250) | 57,9% | 8,1% | 1,2% | 1,2% | 0,9% | 15,2% | 15,6% |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmennt.. | (374) | 49,9% | 11,9% | 3,0% | 1,2% | 2,1% | 13,7% | 18,2% |
| Háskólapróf | (395) | 45,3% | 16,0% | 1,1% | 0,3% | 3,3% | 22,0% | 12,1% |
| **Heimilistekjur** | | | | | | | | |
| Lægri en 400 þúsund | (115) | 59,2% | 4,0% | 3,3% | | 3,4% | 15,8% | 14,3% |
| 400 til 549 þúsund | (97) | 44,1% | 14,0% | 2,0% | | 2,6% | 15,5% | 21,8% |
| 550 til 799 þúsund | (178) | 48,7% | 12,8% | | 0,4% | 2,4% | 19,5% | 16,1% |
| 800 til 999 þúsund | (137) | 61,3% | 10,6% | 0,5% | | 2,2% | 10,4% | 14,9% |
| Milljón til 1.199 þúsund | (128) | 54,2% | 7,4% | 1,7% | 2,2% | 1,8% | 17,5% | 15,2% |
| 1.200 þúsund eða hærri | (103) | 39,8% | 17,5% | 5,4% | 3,7% | 1,4% | 16,1% | 16,1% |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

## 2. Með hvaða póstsendingarfyrirtæki færðu oftast sendan pakka?

| | | Pósturinn | DHL | Dropp | FedEx | Annað | Veit ekki | Fæ aldrei sendan pakka |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir | (1080) | 49,4% | 12,6% | 1,9% | 0,8% | 2,3% | 17,4% | 15,5% |
| **1. Hversu langt er í næstu matvöruverslun frá heimili þínu?** | | | | | | | | |
| Minna en 2 km | (672) | 46,2% (311) | 14,4% (97) | 2,1% (14) | 0,6% (4) | 2,7% (18) | 18,9% (127) | 15,0% (101) |
| 2 - 3,9 km | (197) | 50,4% (99) | 14,7% (29) | 1,9% (4) | 1,8% (4) | 2,5% (5) | 12,0% (24) | 16,8% (33) |
| 4 km eða meira | (191) | 60,7% (116) | 4,8% (9) | 1,4% (3) | | 0,9% (2) | 16,7% (32) | 15,4% (29) |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

## 3. Almennt séð hverstu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með póstþjónustu á Íslandi?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Mjög ánægð(ur) (5) | 64 | 5,9% |
| Fremur ánægð(ur) (4) | 355 | 32,8% |
| Í meðallagi (3) | 358 | 33,0% |
| Fremur óánægð(ur) (2) | 200 | 18,4% |
| Mjög óánægð(ur) (1) | 108 | 10,0% |
| Gild svör | 1.085 | 100,0% |
| | | |
| Svöruðu ekki | 10 | 0,9% |
| Heildarfjöldi | 1.095 | 100,0% |




| | |
|---|---|
| Meðaltal | 3,06 |
| Vikmörk (±) | 0,06 |
| Staðalfrávik | 1,06 |




*Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem efsti svarkosturinn fær gildið 5 en neðsti svarkosturinn fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.*

# 3. Almennt séð hverstu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með póstþjónustu á Íslandi?

| | | Mjög ánægð(ur) (5) | Fremur ánægð(ur) (4) | Í meðallagi (3) | Fremur óánægð(ur) (2) | Mjög óánægð(ur) (1) | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir | (1085) | 5,9% | 32,8% | 33,0% | 18,4% | 10,0% | 3,06 |
| **Kyn** | | | | | | | |
| Karl | (542) | 5,2% | 30,8% | 32,7% | 19,0% | 12,3% | 2,98 |
| Kona | (543) | 6,5% | 34,7% | 33,3% | 17,9% | 7,6% | 3,15 |
| **Aldur** | | | | | | | |
| 18-29 ára | (243) | 1,9% | 35,7% | 31,2% | 22,2% | 9,0% | 2,99 |
| 30-39 ára | (206) | 7,0% | 38,3% | 24,7% | 16,1% | 13,9% | 3,08 |
| 40-49 ára | (181) | 8,6% | 26,5% | 35,0% | 17,9% | 12,0% | 3,02 |
| 50-59 ára | (170) | 8,7% | 30,1% | 37,5% | 16,6% | 7,0% | 3,17 |
| 60 ára og eldri | (285) | 5,0% | 31,7% | 36,6% | 18,3% | 8,4% | 3,07 |
| **Búseta** | | | | | | | |
| Reykjavík | (409) | 3,1% | 31,6% | 36,1% | 19,6% | 9,7% | 2,99 |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | (287) | 8,7% | 24,6% | 34,1% | 17,9% | 14,5% | 2,95 |
| Suðurland og Reykjanes | (161) | 9,7% | 40,8% | 28,9% | 16,8% | 3,8% | 3,36 |
| Vesturland og Vestfirðir | (71) | 4,8% | 43,8% | 23,6% | 18,6% | 9,1% | 3,17 |
| Norðurland | (104) | 6,5% | 34,8% | 36,1% | 14,1% | 8,6% | 3,17 |
| Austurland | (53) | | 42,5% | 21,8% | 25,4% | 10,3% | 2,97 |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

Maskína

# 3. Almennt séð hverstu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með póstþjónustu á Íslandi?

| | | Mjög ánægð(ur) (5) | Fremur ánægð(ur) (4) | Í meðallagi (3) | Fremur óánægð(ur) (2) | Mjög óánægð(ur) (1) | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir | (1085) | 5,9% | 32,8% | 33,0% | 18,4% | 10,0% | 3,06 |
| **Menntun** | | | | | | | |
| Grunnskólapróf | (253) | 5,9% | 35,7% | 28,0% | 15,8% | 14,5% | 3,03 |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmennt.. | (379) | 7,4% | 35,3% | 34,6% | 15,5% | 7,1% | 3,21 |
| Háskólapróf | (393) | 4,7% | 29,0% | 34,0% | 22,2% | 10,2% | 2,96 |
| **Heimilistekjur** | | | | | | | |
| Lægri en 400 þúsund | (119) | 7,2% | 30,9% | 30,1% | 21,6% | 10,2% | 3,03 |
| 400 til 549 þúsund | (99) | 6,2% | 30,2% | 40,8% | 11,5% | 11,4% | 3,08 |
| 550 til 799 þúsund | (178) | 7,1% | 29,4% | 31,2% | 21,3% | 11,0% | 3,00 |
| 800 til 999 þúsund | (137) | 8,4% | 40,2% | 24,8% | 16,6% | 10,0% | 3,20 |
| Milljón til 1.199 þúsund | (128) | 2,6% | 32,1% | 38,7% | 20,1% | 6,5% | 3,04 |
| 1.200 þúsund eða hærri | (102) | 3,2% | 37,9% | 29,6% | 20,1% | 9,2% | 3,06 |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

Maskína

## 3. Almennt séð hverstu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með póstþjónustu á Íslandi?

| | | Mjög ánægð(ur) (5) | Fremur ánægð(ur) (4) | Í meðallagi (3) | Fremur óánægð(ur) (2) | Mjög óánægð(ur) (1) | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir | (1085) | 5,9% | 32,8% | 33,0% | 18,4% | 10,0% | 3,06 |
| **1. Hversu langt er í næstu matvöruverslun frá heimili þínu?** | | | | | | | |
| Minna en 2 km | (673) | 4,4% (30) | 34,8% (234) | 32,4% (218) | 18,2% (122) | 10,3% (69) | 3,05 |
| 2 - 3,9 km | (197) | 5,6% (11) | 32,6% (64) | 36,4% (72) | 18,3% (36) | 7,1% (14) | 3,11 |
| 4 km eða meira | (193) | 11,4% (22) | 25,2% (49) | 31,3% (61) | 20,2% (39) | 11,8% (23) | 3,04 |
| **2. Með hvaða póstsendingarfyrirtæki færðu oftast sendan pakka?** | | | | | | | |
| Pósturinn | (533) | 8,1% (43) | 39,5% (211) | 29,7% (158) | 14,8% (79) | 7,8% (42) | 3,25 |
| Annað | (374) | 4,3% (16) | 28,9% (108) | 33,3% (125) | 22,1% (83) | 11,4% (43) | 2,91 |
| Fæ aldrei sendan pakka | (166) | 2,3% (4) | 19,7% (33) | 44,3% (74) | 20,9% (35) | 12,8% (21) | 2,78 |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

## 4. Myndir þú segja að póstþjónustan eins og hún er í dag fullnægi vel eða illa þörfum þínum?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Mjög vel (5) | 112 | 10,3% |
| Fremur vel (4) | 373 | 34,6% |
| Í meðallagi (3) | 335 | 31,0% |
| Fremur illa (2) | 170 | 15,8% |
| Mjög illa (1) | 90 | 8,3% |
| Gild svör | 1.080 | 100,0% |
| Svöruðu ekki | 15 | 1,4% |
| Heildarfjöldi | 1.095 | 100,0% |







| | |
|---|---|
| Meðaltal | 3,23 |
| Vikmörk (±) | 0,06 |
| Staðalfrávik | 1,08 |




*Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem efsti svarkosturinn fær gildið 5 en neðsti svarkosturinn fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.*

## 4. Myndir þú segja að póstþjónustan eins og hún er í dag fullnægi vel eða illa þörfum þínum?

| | | Mjög vel (5) | Fremur vel (4) | Í meðallagi (3) | Fremur illa (2) | Mjög illa (1) | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir | (1080) | 10,3% | 34,6% | 31,0% | 15,8% | 8,3% | 3,23 |
| **Kyn** | | | | | | | |
| Karl | (540) | 10,3% | 35,1% | 30,1% | 14,6% | 9,9% | 3,21 |
| Kona | (540) | 10,3% | 34,1% | 31,9% | 17,0% | 6,7% | 3,24 |
| **Aldur** | | | | | | | |
| 18-29 ára | (243) | 3,7% | 36,7% | 30,2% | 19,6% | 9,9% | 3,05 |
| 30-39 ára | (205) | 12,1% | 39,5% | 24,4% | 13,8% | 10,3% | 3,29 |
| 40-49 ára | (180) | 12,1% | 29,3% | 33,5% | 13,6% | 11,6% | 3,17 |
| 50-59 ára | (170) | 13,5% | 35,2% | 32,0% | 14,1% | 5,2% | 3,38 |
| 60 ára og eldri | (282) | 11,7% | 32,3% | 34,3% | 16,4% | 5,3% | 3,29 |
| **Búseta** | | | | | | | |
| Reykjavík | (407) | 7,2% | 32,1% | 35,8% | 16,5% | 8,4% | 3,13 |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | (285) | 10,9% | 26,5% | 35,5% | 14,3% | 12,8% | 3,08 |
| Suðurland og Reykjanes | (161) | 16,5% | 45,8% | 20,0% | 15,0% | 2,8% | 3,58 |
| Vesturland og Vestfirðir | (71) | 15,8% | 38,5% | 19,5% | 19,3% | 6,8% | 3,37 |
| Norðurland | (104) | 10,6% | 39,0% | 29,2% | 15,3% | 5,9% | 3,33 |
| Austurland | (53) | 5,3% | 48,9% | 22,1% | 16,5% | 7,2% | 3,28 |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

4. Myndir þú segja að póstþjónustan eins og hún er í dag fullnægi vel eða illa þörfum þínum?

| | | Mjög vel (5) | Fremur vel (4) | Í meðallagi (3) | Fremur illa (2) | Mjög illa (1) | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir | (1080) | 10,3% | 34,6% | 31,0% | 15,8% | 8,3% | 3,23 |
| **Menntun** | | | | | | | |
| Grunnskólapróf | (253) | 11,7% | 34,9% | 26,5% | 14,6% | 12,3% | 3,19 |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmennt.. | (377) | 12,5% | 35,9% | 31,2% | 14,0% | 6,4% | 3,34 |
| Háskólapróf | (392) | 7,9% | 33,7% | 32,3% | 18,3% | 7,8% | 3,15 |
| **Heimilistekjur** | | | | | | | |
| Lægri en 400 þúsund | (119) | 9,7% | 31,4% | 29,5% | 21,2% | 8,2% | 3,13 |
| 400 til 549 þúsund | (99) | 6,6% | 23,8% | 45,8% | 14,1% | 9,8% | 3,03 |
| 550 til 799 þúsund | (177) | 12,0% | 32,3% | 27,3% | 18,1% | 10,3% | 3,18 |
| 800 til 999 þúsund | (137) | 15,7% | 39,6% | 23,5% | 15,1% | 6,1% | 3,44 |
| Milljón til 1.199 þúsund | (126) | 8,6% | 39,5% | 32,1% | 14,3% | 5,5% | 3,31 |
| 1.200 þúsund eða hærri | (102) | 11,2% | 35,2% | 28,8% | 15,6% | 9,1% | 3,24 |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

## 4. Myndir þú segja að póstþjónustan eins og hún er í dag fullnægi vel eða illa þörfum þínum?

| | | Mjög vel (5) | Fremur vel (4) | Í meðallagi (3) | Fremur illa (2) | Mjög illa (1) | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir | (1080) | 10,3% | 34,6% | 31,0% | 15,8% | 8,3% | 3,23 |
| **1. Hversu langt er í næstu matvöruverslun frá heimili þínu?** | | | | | | | |
| Minna en 2 km | (671) | 8,0% (54) | 36,8% (247) | 33,1% (222) | 13,8% (93) | 8,3% (56) | 3,22 |
| 2 - 3,9 km | (197) | 10,2% (20) | 35,0% (69) | 31,3% (62) | 15,2% (30) | 8,3% (16) | 3,24 |
| 4 km eða meira | (191) | 17,0% (32) | 27,6% (53) | 23,8% (45) | 23,5% (45) | 8,2% (16) | 3,22 |
| **2. Með hvaða póstsendingarfyrirtæki færðu oftast sendan pakka?** | | | | | | | |
| Pósturinn | (533) | 14,0% (75) | 43,4% (231) | 24,8% (132) | 12,3% (66) | 5,5% (29) | 3,48 |
| Annað | (372) | 5,7% (21) | 27,1% (101) | 35,4% (132) | 20,1% (75) | 11,7% (43) | 2,94 |
| Fæ aldrei sendan pakka | (164) | 8,8% (14) | 23,2% (38) | 42,0% (69) | 17,1% (28) | 8,9% (15) | 3,04 |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

5. Ríkissjóður leitar nú leiða til að draga úr kostnaði sínum vegna póstþjónustu. Vinsamlega raðaðu í mikilvægisröð eftirfarandi leiðum til að draga úr kostnaði sem myndi henta þér best persónulega. -Fyrsta val

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Auka notkun póstboxa | 570 | 56,6% |
| Fækka þeim dögum þegar pósti er dreift | 152 | 15,1% |
| Hætta heimkeyrslu á pökkum | 138 | 13,7% |
| Fækka pósthúsum | 90 | 9,0% |
| Annað, hvað? | 57 | 5,7% |
| Gild svör | 1.008 | 100,0% |
| Svöruðu ekki | 88 | 8,0% |
| Heildarfjöldi | 1.095 | 100,0% |






5. Ríkissjóður leitar nú leiða til að draga úr kostnaði sínum vegna póstþjónustu. Vinsamlega raðaðu í mikilvægisröð eftirfarandi leiðum til að draga úr kostnaði sem myndi henta þér best persónulega.

**Annað, hvað?**

- Að fólk sem á erfitt með að ná í pakkasendingar geti fengið þá þjónustu heim. Þegar maður býr í stórri blokk með bílakjallara fer maður sjaldan í póstkassann. Bréfum hefur fækkað og gott væri að fá tilkyningu í símann þegar slíkt gerist.
- Allir pakkar sendir heim.
- Alls ekki fækka póthúsum.
- Allur póstur stafrænt.
- Auðvelda sjálfsafgreiðslu.
- Auka heimkeyrslu svo notkun aukist.
- Auka opnunartíma á móti fækkun pósthúsa.
- Auka þjónustu og ríkissjóður á að taka þátt í því og hætta þessu kjaftæði.
- Bara ekki hugsa um að minnka þjónustu - þetta er mikilvæg þjónusta og hugsa frekar um óþarfa yfirstjórnendur sem sinna ekki verkum sínum.
- Bera póst út alla daga til skammar að landsbyggðin sé að fá póstinn rftir marga daga.
- Betri rekstri.
- Bjóða upp á að safna saman pósti t.d. þar sem fleiri fyrirtæki eru saman í húsi og láta starfsmann póstsins taka með sér til baka, samhliða útburði.
- Bæta þjónustuna til að gera hana notendavænni og þannig arðbærari.
- Bæta þjónustuna.
- Dreifa pósti einusinni í viku.
- Ef þjónustan er skert enþá meira er allveg eins hægt að leggja þetta niður.
- Einkavæða póstþjónustu (2 nefndu þetta).
- Eins og er núna, fá póstinn heim.
- Ekkert af hinu er boðlegt.
- Ekkert af ofantöldu (5 nefndu þetta).
- Ekki draga ur kostnaði (5 nefndu þetta)
- Ekki draga úr þjónustu (5 nefndu þetta)
- Er ekki búið að gera allt sem hægt er.
- Er þetta gróðafyrirtæki?
- Finnst þjónustan ofurléleg eins og hún er.
- Fjölga litlum pósthúsum.
- Fjölga þóstdreifingu sem er mjög sjaldgæf á mínum stað.
- Fleiri dag sem pósturinn er borin út.
- Fækka í yfirstjórn póstsins.
- Gera folki kleyft ad skilja pakka sem þad vill senda eftir í póstboxi.
- Geta samnýtt póstbox fyrir fleiri einn pakka.
- Hafa hæft starfsfólk til að draga úr aukakostnaði vegna mistaka.
- Hafa póstþjónustu eins og hún er.
- Hafa sum pósthús hreinni og snyrtilegri.
- Hver nig erþetta rekið.
- Hækka gjaldskrá.
- Hætta að bera út póst í þéttbýli, hafa pósthólf sem fólk sækir sjálft póstinn í og greiðir árgjald fyrir.
- Hætta að reka póstinn sem hagnaðarfyrirtæki.
- Hætta að rukka gjald fyrir móttöku sendinga.
- Hætta að spara.
- Hætta rukka skatt fyrir pakka af því að það er ekki hægt að reka þetta á almennilegan hátt.
- Láta fólk sækja póstinn sitt sjálft og hætta útburði fjöldapósts.
- Leggja niður gjöld sem sett eru á sendingar.
- Leggja niður Íslandspóst.
- Lækka kostnað.
- Lækka laun efstu toppa og hagræða í rekstrinum án þess að það bitni á þjónustunni um land allt.
- Lækka laun stjórenda og minnka óþarfa bruðl.
- Lækka launakostnað yfirbyggingarinnar.
- Lækka verð (2 nefndu þetta).
- Minnka yfirbyggingu Póstsins.
- Nota tölvupóst.
- Nú þegar búið að fækka pósthúsum og dreifingardögum.
- Nútímavæða póstþjónustuna og hætta að reka hana eins og árið sé 1960.
- Óbreytt.
- Óþarfi að breyta, lækka laun forstjóra það væri byrjun.
- Reka póstinn betur.
- Ríkið á að sjá sóma sinn í að halda úti almennilegri póstþjónustu fyrir alla landsmenn.
- Ríkisvaldið á ekki að standa í rekstri sem einkaaðilar geta sinnt, enda sýnir reynslan að ríkið stendur sig alltaf verr.
- Rukka raunkostnað fyrir þjónustu eins og heimsendingu pakka ofl.
- Segja upp stjórn og stjórnendum póstsins . Toppar með milljónir.
- Selja póstinn til Eingeyinga.
- Selja Póstinn.
- Skanna póst.
- Skila pósti á áfangastað innan viku frá því hann er póstlagður. Hef fengið boðskort 3 vikum of seint - slíkt hefur ekki verið undantekning síðustu 10 ár.
- Tel að póstþjónusta sé grunnþjónusta sem ríkið eigi að greiða með ef þarf.
- Veit ekki (4 nefndu þetta).
- Vil hafa þessa þjónustu sem er talin upp hér að ofan.
- Vorkenni ríkinu ekki neitt að þjónusta landsbyggðina.
- Það er ekki hægt að skera meira niður hjá okkur hér.
- Það er nú þegar búið að gera allt ofangreint svo ég veit ekki hvaða tilgangi þessi spurning þjónar.

5. Ríkissjóður leitar nú leiða til að draga úr kostnaði sínum vegna póstþjónustu. Vinsamlega raðaðu í mikilvægisröð eftirfarandi leiðum til að draga úr kostnaði sem myndi henta þér best persónulega.

**Annað, hvað?**

- Þeir eiga að hætta að fé flétta fólk.
- Þessi þjónusta er í lagmarki eins og er, ekki hægt að minnka þjónustuna meira.
- Þetta er mjög villandi spurning!!! Póstþjónusta á Íslandi er nú þegar ömurleg og allt að ofan virðist gera hana enn verri!
- Þetta ráð kostar.
- Þjónusta frekar en glæsilegar byggingar.
- Þjónustustigið er nú þegar í lágmarki, sé ekki að það sé hægt að draga meira úr þjónustu á

5. Ríkissjóður leitar nú leiða til að draga úr kostnaði sínum vegna póstþjónustu. Vinsamlega raðaðu í mikilvægisröð eftirfarandi leiðum til að draga úr kostnaði sem myndi henta þér best persónulega. -Fyrsta val

| | | Auka notkun póstboxa | Fækka þeim dögum þegar pósti er dreift | Hætta heimkeyrslu á pökkum | Fækka pósthúsum | Annað |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir | (1008) | 56,6% | 15,1% | 13,7% | 9,0% | 5,7% |
| **Kyn** | | | | | | |
| Karl | (499) | 53,4% | 14,8% | 15,9% | 10,0% | 5,8% |
| Kona | (509) | 59,6% | 15,3% | 11,6% | 8,0% | 5,5% |
| **Aldur** | | | | | | |
| 18-29 ára | (233) | 70,5% | 8,7% | 3,1% | 14,8% | 3,0% |
| 30-39 ára | (200) | 59,2% | 14,0% | 10,6% | 10,1% | 6,1% |
| 40-49 ára | (165) | 63,9% | 14,2% | 12,2% | 6,8% | 2,9% |
| 50-59 ára | (156) | 48,7% | 20,1% | 19,3% | 6,9% | 5,0% |
| 60 ára og eldri | (253) | 41,7% | 19,3% | 23,6% | 5,5% | 9,9% |
| **Búseta** | | | | | | |
| Reykjavík | (375) | 56,8% | 14,8% | 12,4% | 11,4% | 4,6% |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | (270) | 52,7% | 16,5% | 12,1% | 11,5% | 7,2% |
| Suðurland og Reykjanes | (152) | 69,4% | 14,3% | 7,6% | 5,0% | 3,6% |
| Vesturland og Vestfirðir | (65) | 54,5% | 14,8% | 17,2% | 1,1% | 12,4% |
| Norðurland | (96) | 50,6% | 17,1% | 20,1% | 7,7% | 4,5% |
| Austurland | (49) | 50,4% | 7,7% | 35,1% | 2,1% | 4,8% |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

5. Ríkissjóður leitar nú leiða til að draga úr kostnaði sínum vegna póstþjónustu. Vinsamlega raðaðu í mikilvægisröð eftirfarandi leiðum til að draga úr kostnaði sem myndi henta þér best persónulega. -Fyrsta val

| | | Auka notkun póstboxa | Fækka þeim dögum þegar pósti er dreift | Hætta heimkeyrslu á pökkum | Fækka pósthúsum | Annað |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir | (1008) | 56,6% | 15,1% | 13,7% | 9,0% | 5,7% |
| **Menntun** | | | | | | |
| Grunnskólapróf | (238) | 63,0% | 10,7% | 16,5% | 4,7% | 5,1% |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmennt.. | (355) | 54,1% | 17,3% | 12,3% | 9,4% | 6,9% |
| Háskólapróf | (371) | 55,0% | 16,4% | 12,6% | 11,3% | 4,7% |
| **Heimilistekjur** | | | | | | |
| Lægri en 400 þúsund | (106) | 44,6% | 9,7% | 15,9% | 15,2% | 14,7% |
| 400 til 549 þúsund | (94) | 73,7% | 11,3% | 10,7% | 2,8% | 1,5% |
| 550 til 799 þúsund | (170) | 55,0% | 19,7% | 14,4% | 8,1% | 2,7% |
| 800 til 999 þúsund | (129) | 51,1% | 18,3% | 19,3% | 6,9% | 4,4% |
| Milljón til 1.199 þúsund | (119) | 64,0% | 15,3% | 12,8% | 4,1% | 3,8% |
| 1.200 þúsund eða hærri | (100) | 56,5% | 11,3% | 12,4% | 12,9% | 6,9% |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

5. Ríkissjóður leitar nú leiða til að draga úr kostnaði sínum vegna póstþjónustu. Vinsamlega raðaðu í mikilvægisröð eftirfarandi leiðum til að draga úr kostnaði sem myndi henta þér best persónulega. -Fyrsta val

| | | Auka notkun póstboxa | Fækka þeim dögum þegar pósti er dreift | Hætta heimkeyrslu á pökkum | Fækka pósthúsum | Annað |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir | (1008) | 56,6% | 15,1% | 13,7% | 9,0% | 5,7% |
| **1. Hversu langt er í næstu matvöruverslun frá heimili þínu?** | | | | | | |
| Minna en 2 km | (632) | 56,7% (358) | 13,4% (85) | 14,3% (90) | 10,6% (67) | 5,0% (32) |
| 2 - 3,9 km | (185) | 62,5% (116) | 16,7% (31) | 9,2% (17) | 6,1% (11) | 5,5% (10) |
| 4 km eða meira | (176) | 50,2% (88) | 19,3% (34) | 15,4% (27) | 6,7% (12) | 8,3% (15) |
| **2. Með hvaða póstsendingarfyrirtæki færðu oftast sendan pakka?** | | | | | | |
| Pósturinn | (505) | 57,8% (292) | 15,7% (79) | 12,9% (65) | 8,3% (42) | 5,4% (28) |
| Annað | (347) | 61,9% (215) | 12,3% (43) | 12,2% (42) | 9,3% (32) | 4,4% (15) |
| Fæ aldrei sendan pakka | (148) | 40,2% (59) | 20,4% (30) | 19,7% (29) | 10,0% (15) | 9,6% (14) |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

## 6. Hversu oft berst bréfpóstur sem stílaður er á einstakling inn á þitt heimili?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Hvern virkan dag | 15 | 1,4% |
| 2-3 sinnum í viku | 206 | 19,2% |
| U.þ.b. vikulega | 273 | 25,4% |
| 2-3 í mánuði | 252 | 23,5% |
| Mánaðarlega | 161 | 15,0% |
| Sjaldnar | 145 | 13,5% |
| Aldrei | 21 | 2,0% |
| Gild svör | 1.075 | 100,0% |
| Svöruðu ekki | 21 | 1,9% |
| Heildarfjöldi | 1.095 | 100,0% |




*Árið 2012 sögðu 65,3% að póstur stílaður á einstkling bærist inn á heimilið 2-3 í viku eða oftar.

# 6. Hversu oft berst bréfpóstur sem stílaður er á einstakling inn á þitt heimili?

| | | Hvern virkan dag | 2-3 sinnum í viku | U.þ.b. vikulega | 2-3 í mánuði | Mánaðarlega | Sjaldnar | Aldrei |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir | (1075) | 1,4% | 19,2% | 25,4% | 23,5% | 15,0% | 13,5% | 2,0% |
| **Kyn** | | | | | | | | |
| Karl | (537) | 1,6% | 18,4% | 26,2% | 22,3% | 14,3% | 14,2% | 3,0% |
| Kona | (538) | 1,3% | 20,0% | 24,6% | 24,6% | 15,6% | 12,8% | 1,0% |
| **Aldur** | | | | | | | | |
| 18-29 ára | (240) | | 18,3% | 17,0% | 20,8% | 19,3% | 18,3% | 6,1% |
| 30-39 ára | (204) | 0,5% | 9,9% | 22,6% | 24,2% | 18,7% | 22,2% | 1,9% |
| 40-49 ára | (179) | 0,4% | 20,8% | 32,2% | 24,5% | 10,9% | 10,9% | 0,3% |
| 50-59 ára | (168) | 3,3% | 20,0% | 29,9% | 26,4% | 12,8% | 7,6% | |
| 60 ára og eldri | (284) | 2,9% | 25,1% | 27,6% | 22,7% | 12,5% | 8,3% | 0,9% |
| **Búseta** | | | | | | | | |
| Reykjavík | (404) | 0,8% | 14,2% | 23,1% | 24,2% | 17,0% | 17,1% | 3,5% |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | (284) | 2,2% | 14,0% | 27,6% | 28,2% | 16,0% | 11,4% | 0,7% |
| Suðurland og Reykjanes | (161) | 1,4% | 15,7% | 20,2% | 27,8% | 17,4% | 14,5% | 2,9% |
| Vesturland og Vestfirðir | (71) | 1,4% | 29,9% | 32,9% | 20,5% | 7,9% | 7,3% | |
| Norðurland | (103) | 2,1% | 43,4% | 22,8% | 10,2% | 6,7% | 14,0% | 0,7% |
| Austurland | (52) | 0,8% | 34,4% | 42,8% | 8,2% | 12,8% | 1,1% | |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

# 6. Hversu oft berst bréfpóstur sem stílaður er á einstakling inn á þitt heimili?

| | | Hvern virkan dag | 2-3 sinnum í viku | U.þ.b. vikulega | 2-3 í mánuði | Mánaðarlega | Sjaldnar | Aldrei |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir | (1075) | 1,4% | 19,2% | 25,4% | 23,5% | 15,0% | 13,5% | 2,0% |
| **Menntun** | | | | | | | | |
| Grunnskólapróf | (253) | 1,3% | 19,8% | 19,3% | 26,6% | 14,1% | 14,1% | 4,7% |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmennt.. | (376) | 1,6% | 20,3% | 27,3% | 22,6% | 16,2% | 10,1% | 1,9% |
| Háskólapróf | (393) | 1,1% | 18,2% | 26,6% | 22,3% | 13,8% | 17,4% | 0,6% |
| **Heimilistekjur** | | | | | | | | |
| Lægri en 400 þúsund | (119) | 1,2% | 25,9% | 17,8% | 18,5% | 16,5% | 18,9% | 1,2% |
| 400 til 549 þúsund | (99) | 2,3% | 12,0% | 28,8% | 20,0% | 13,5% | 23,4% | |
| 550 til 799 þúsund | (178) | 2,0% | 26,1% | 21,2% | 21,4% | 12,8% | 11,2% | 5,3% |
| 800 til 999 þúsund | (135) | 0,5% | 21,2% | 18,7% | 28,3% | 16,4% | 14,9% | |
| Milljón til 1.199 þúsund | (127) | 2,1% | 10,4% | 21,0% | 30,8% | 14,2% | 16,4% | 5,1% |
| 1.200 þúsund eða hærri | (103) | | 17,3% | 27,3% | 22,9% | 20,0% | 12,5% | |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

# 6. Hversu oft berst bréfpóstur sem stílaður er á einstakling inn á þitt heimili?

| | | Hvern virkan dag | 2-3 sinnum í viku | U.þ.b. vikulega | 2-3 í mánuði | Mánaðarlega | Sjaldnar | Aldrei |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir | (1075) | 1,4% | 19,2% | 25,4% | 23,5% | 15,0% | 13,5% | 2,0% |
| **1. Hversu langt er í næstu matvöruverslun frá heimili þínu?** | | | | | | | | |
| Minna en 2 km | (663) | 1,1% (8) | 15,5% (103) | 25,1% (166) | 25,2% (167) | 15,8% (105) | 14,9% (99) | 2,4% (16) |
| 2 - 3,9 km | (196) | 2,8% (6) | 16,7% (33) | 24,5% (48) | 20,6% (41) | 19,3% (38) | 14,0% (27) | 2,1% (4) |
| 4 km eða meira | (192) | 1,2% (2) | 35,2% (68) | 27,0% (52) | 18,9% (36) | 8,8% (17) | 8,6% (17) | 0,3% (1) |
| **2. Með hvaða póstsendingarfyrirtæki færðu oftast sendan pakka?** | | | | | | | | |
| Pósturinn | (530) | 1,1% (6) | 23,5% (124) | 25,4% (135) | 23,7% (125) | 12,3% (65) | 11,9% (63) | 2,1% (11) |
| Annað | (368) | 1,3% (5) | 15,8% (58) | 26,7% (98) | 24,0% (88) | 18,1% (66) | 12,2% (45) | 1,9% (7) |
| Fæ aldrei sendan pakka | (165) | 2,9% (5) | 12,6% (21) | 23,6% (39) | 20,6% (34) | 17,1% (28) | 21,2% (35) | 1,9% (3) |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

# 7. Hversu oft færð þú pakka með póstþjónustu heim að dyrum að meðaltali?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Oftar en einu sinni í viku | 6 | 0,5% |
| Vikulega | 39 | 3,6% |
| 2-3 í mánuði | 83 | 7,7% |
| Mánaðarlega | 205 | 19,1% |
| Sjaldnar | 743 | 69,0% |
| Gild svör | 1.077 | 100,0% |
| Svöruðu ekki | 19 | 1,7% |
| Heildarfjöldi | 1.095 | 100,0% |



# 7. Hversu oft færð þú pakka með póstþjónustu heim að dyrum að meðaltali?

| | | Oftar en einu sinni í viku | Vikulega | 2-3 í mánuði | Mánaðarlega | Sjaldnar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir | (1077) | 0,5% | 3,6% | 7,7% | 19,1% | 69,0% |
| **Kyn** | | | | | | |
| Karl | (537) | 0,5% | 3,1% | 8,1% | 21,1% | 67,2% |
| Kona | (539) | 0,6% | 4,1% | 7,4% | 17,0% | 70,8% |
| **Aldur** | | | | | | |
| 18-29 ára | (240) | | 4,1% | 4,3% | 24,5% | 67,2% |
| 30-39 ára | (206) | 1,3% | 3,0% | 9,2% | 19,7% | 66,7% |
| 40-49 ára | (180) | 0,5% | 5,0% | 13,5% | 18,6% | 62,5% |
| 50-59 ára | (168) | 0,9% | 4,1% | 8,7% | 18,8% | 67,5% |
| 60 ára og eldri | (283) | 0,3% | 2,5% | 5,4% | 14,4% | 77,4% |
| **Búseta** | | | | | | |
| Reykjavík | (406) | 0,2% | 1,4% | 5,8% | 16,3% | 76,2% |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | (284) | 1,3% | 2,6% | 6,1% | 19,2% | 70,9% |
| Suðurland og Reykjanes | (160) | 0,5% | 1,9% | 11,1% | 22,3% | 64,2% |
| Vesturland og Vestfirðir | (71) | | 11,3% | 6,4% | 18,5% | 63,9% |
| Norðurland | (103) | 0,6% | 12,2% | 12,1% | 24,3% | 50,8% |
| Austurland | (52) | | 4,0% | 14,9% | 20,3% | 60,8% |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

# 7. Hversu oft færð þú pakka með póstþjónustu heim að dyrum að meðaltali?

| | | Oftar en einu sinni í viku | Vikulega | 2-3 í mánuði | Mánaðarlega | Sjaldnar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir | (1077) | 0,5% | 3,6% | 7,7% | 19,1% | 69,0% |
| **Menntun** | | | | | | |
| Grunnskólapróf | (253) | | 3,9% | 6,9% | 14,4% | 74,8% |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmennt.. | (378) | 0,6% | 4,5% | 7,5% | 23,0% | 64,3% |
| Háskólapróf | (394) | 0,7% | 2,5% | 9,0% | 18,7% | 69,1% |
| **Heimilistekjur** | | | | | | |
| Lægri en 400 þúsund | (119) | 1,2% | 7,3% | 8,9% | 16,6% | 65,9% |
| 400 til 549 þúsund | (99) | 0,9% | 2,1% | 5,2% | 17,1% | 74,7% |
| 550 til 799 þúsund | (178) | 1,0% | 2,0% | 4,8% | 20,0% | 72,3% |
| 800 til 999 þúsund | (137) | | 4,0% | 8,8% | 18,6% | 68,5% |
| Milljón til 1.199 þúsund | (127) | | 0,9% | 9,2% | 17,9% | 72,0% |
| 1.200 þúsund eða hærri | (103) | | 5,5% | 8,8% | 16,6% | 69,1% |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

# 7. Hversu oft færð þú pakka með póstþjónustu heim að dyrum að meðaltali?

| | | Oftar en einu sinni í viku | Vikulega | 2-3 í mánuði | Mánaðarlega | Sjaldnar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir | (1077) | 0,5% | 3,6% | 7,7% | 19,1% | 69,0% |
| **1. Hversu langt er í næstu matvöruverslun frá heimili þínu?** | | | | | | |
| Minna en 2 km | (666) | 0,7% (4) | 2,5% (16) | 8,1% (54) | 19,1% (127) | 69,7% (464) |
| 2 - 3,9 km | (196) | | 1,8% (3) | 6,4% (13) | 22,2% (44) | 69,7% (137) |
| 4 km eða meira | (192) | 0,7% (1) | 9,9% (19) | 7,7% (15) | 17,2% (33) | 64,4% (124) |
| **2. Með hvaða póstsendingarfyrirtæki færðu oftast sendan pakka?** | | | | | | |
| Pósturinn | (531) | 0,8% (4) | 5,0% (27) | 9,8% (52) | 22,4% (119) | 62,0% (329) |
| Annað | (369) | 0,5% (2) | 3,0% (11) | 7,5% (28) | 21,2% (78) | 67,9% (251) |
| Fæ aldrei sendan pakka | (164) | | 0,9% (1) | 2,0% (3) | 4,3% (7) | 92,9% (152) |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

# 8. Hversu oft setur þú bréf í póst að meðaltali?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Oftar en einu sinni í viku | 7 | 0,6% |
| Vikulega | 29 | 2,7% |
| 2-3 í mánuði | 30 | 2,8% |
| Mánaðarlega | 62 | 5,8% |
| Sjaldnar | 946 | 88,1% |
| Gild svör | 1.073 | 100,0% |
| Svöruðu ekki | 22 | 2,0% |
| Heildarfjöldi | 1.095 | 100,0% |



# 8. Hversu oft setur þú bréf í póst að meðaltali?

| | | Oftar en einu sinni í viku | Vikulega | 2-3 í mánuði | Mánaðarlega | Sjaldnar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir | (1073) | 0,6% | 2,7% | 2,8% | 5,8% | 88,1% |
| **Kyn** | | | | | | |
| Karl | (537) | 0,7% | 3,3% | 3,0% | 6,8% | 86,2% |
| Kona | (537) | 0,6% | 2,1% | 2,6% | 4,8% | 90,0% |
| **Aldur** | | | | | | |
| 18-29 ára | (240) | | 1,2% | | 1,5% | 97,3% |
| 30-39 ára | (206) | 0,4% | 0,4% | 1,3% | 3,4% | 94,5% |
| 40-49 ára | (180) | | 2,5% | 4,4% | 8,1% | 85,0% |
| 50-59 ára | (169) | 1,8% | 3,8% | 3,4% | 8,6% | 82,3% |
| 60 ára og eldri | (279) | 1,0% | 5,1% | 4,8% | 8,1% | 80,9% |
| **Búseta** | | | | | | |
| Reykjavík | (406) | 0,5% | 2,2% | 1,1% | 2,7% | 93,5% |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | (282) | 0,4% | 2,2% | 2,1% | 6,3% | 89,0% |
| Suðurland og Reykjanes | (158) | 0,9% | 3,6% | 2,7% | 5,2% | 87,6% |
| Vesturland og Vestfirðir | (71) | | 2,1% | 7,2% | 8,5% | 82,2% |
| Norðurland | (103) | 2,0% | 3,5% | 7,1% | 9,8% | 77,7% |
| Austurland | (53) | 0,8% | 5,1% | 5,5% | 17,3% | 71,2% |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

# 8. Hversu oft setur þú bréf í póst að meðaltali?

| | | Oftar en einu sinni í viku | Vikulega | 2-3 í mánuði | Mánaðarlega | Sjaldnar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Allir | (1073) | 0,6% | 2,7% | 2,8% | 5,8% | 88,1% |
| **Menntun** | | | | | | |
| Minna en 2 km | (649) | 43,7% (283) | 25,0% (162) | 18,6% (121) | 12,7% (82) |
| 2 - 3,9 km | (188) | 42,2% (80) | 26,9% (51) | 21,9% (41) | 8,9% (17) |
| 4 km eða meira | (189) | 33,8% (64) | 24,5% (46) | 19,7% (37) | 22,0% (41) |
| **2. Með hvaða póstsendingarfyrirtæki færðu oftast sendan pakka?** | | | | | |
| Pósturinn | (520) | 37,6% (196) | 22,6% (117) | 20,8% (108) | 19,0% (99) |
| Annað | (360) | 42,6% (153) | 31,6% (114) | 16,8% (60) | 9,0% (32) |
| Fæ aldrei sendan pakka | (157) | 53,6% (84) | 18,1% (28) | 21,1% (33) | 7,2% (11) |

*Fjöldatölur eru í sviga við hvern hóp.*

PÓSTURINN

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 27. febrúar 2023

**Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um póstþjónustu , nr. 98/2019, Þingskjal 673 – 531. mál.**

## 1. Almennt

Vísað er til tölvupósts frá nefnda og greiningarsviði Alþingis, dags. 13. febrúar 2023, þar sem Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um póstþjónustu (úrbætur á póstmarkaði), 531 mál. Þess var óskað umsögnin bærist eigi síðar en 27. febrúar nk.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að tilgangur frumvarpsins sé liður í því að reyna að draga úr kostnaði ríkisins vegna póstmála.

Jafnframt er vísað til könnunar á póstþjónustu sem ráðuneytið lét gera á vormánuðum ársins 2022. Vísað er til þess að jákvæð afstaða til bréfakassasamstæðna í niðurstöðu könnunarinnar og jákvæð afstaða Norðmanna til aukinnar notkunar bréfakassasamstæðna hafi gefið tilefni til að rýmka heimild til að nota bréfakassasamstæður og draga með því úr bréfadreifingu upp að dyrum. Aukin notkun bréfakassasamstæðna geti mögulega minnkað alþjónustukostnað ríkissjóðs enda feli það í sér minni útburð fyrir alþjónustuveitanda.

Í umfjöllun í greinargerð um meginefni frumvarpsins, kafla 3, kemur eftirfarandi fram um bréfakassasamstæður:

> Einnig er lagt til að heimildir til að nýta bréfakassasamstæður verði rýmkaðar til muna en í dag er alþjónustuveitanda aðeins heimilt að setja upp á einum stað bréfakassasamstæður fyrir alla móttakendur póstsendinga í þéttbýli. Í gildandi lögum er þannig gert ráð fyrir að alþjónustuveitanda sé heimilt að setja upp bréfakassasamstæðu í fámennu þéttbýli. Í fámennu þéttbýli sé þannig nóg að pósturinn stoppi á einum stað til að spara tíma á ferð sinni um landið. Verið er að yfirfæra þessa hugmynd yfir á stærra svæði. Verði frumvarpið að lögum mun alþjónustuveitandi geta ákveðið í samráði við viðkomandi sveitarfélag að setja upp bréfakassasamstæður í tilteknu póstnúmeri þannig að íbúar geti sótt póstinn sinn í göngufæri. Þannig myndi bréfaútburður í hvert hús nánast líða undir lok. Koma þarf til móts við þá aðila sem ekki geta sótt póstinn sinn af einhverjum ástæðum, t.d. sökum fötlunar, aldurs eða veikinda en fyrir liggur heimild í gildandi lögum til að útfæra þjónustuna nánar í reglugerð, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 47. gr. Ljóst er þó að þetta á ekki við um bréf þar sem staðfesta þarf móttöku í eigin persónu og t.d. útburð dagblaða.

## 2. Ábendingar Íslandspósts ohf.

Ekki eru gerðar athugasemdir við 1 og 3 gr. frumvarpsins, að því er varðar breytingu á heiti þeirri stofnunar sem hefur eftirlit með markaðnum, né 3. gr. sem fjallar um innleiðingu á reglugerð (ESB) 2018/644 og reglugerðar ESB 2018/644.

Umsögn fyrirtækisins verður takmörkuð við 2. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að 1. málsl. 5. gr. 27. gr. laganna orðist með eftirfarandi hætti: *„Alþjónustuveitanda er heimilt að setja upp bréfakassasamstæður fyrir alla móttakendur póstsendinga á höfuðborgarsvæðinu og í öðru þéttbýli.“*

ÍSP hefur engar athugasemdir við umræddar breytingar á gildissviði hugtaksins, en fyrirtækið telur engu að síður nauðsynlegt að gera stuttlega grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur á undanförnu varðandi þá möguleika sem eru til staðar í dag varðandi afhendingu póstsendinga. Jafnframt er rétt að gera stuttlega grein fyrir kostnaði félagsins af alþjónustu, sem og skiptingu hans, en tilgangur frumvarpsins er m.a. að takmarka hann að einhverju leyti.

### 2.1. Um afhendingu póstsendinga

Lengi hefur verið gert ráð fyrir því í lögum um póstþjónustu sem og þeim reglum sem sett hafa verið á grundvelli þeirra að afhenda megi póstsendingu með margvíslegu móti. Í 3. mgr. 27. gr. núgildandi laga er t.d. kveðið á um eftirfarandi afhendingarmöguleika:

- Beint til viðtakanda eða umboðsmanns hans
- Í bréfakassa eða pósthólf viðtakanda
- Á afgreiðslustað
- Sjálfsafgreiðslukassa

Póstþjónusta er síðan skilgreind með eftirfarandi hætti: *„Þjónusta sem nær til móttöku og söfnunar, flokkunar, flutnings og dreifingar á póstsendingum gegn greiðslu.“*

Í yfirgnæfandi hluta tilvika fer afhending fram á viðkomandi heimili eða atvinnuhúsnæði, í gegnum lúgu eða með afhendingu í bréfakassa sem staðsettur er við viðkomandi hús.

ÍSP hóf uppsetningu póstboxa (sjálfvirkra afgreiðslukassa), árið 2015. Í dag hafa verið sett upp 63 póstbox sem staðsett eru víðsvegar um landið. Áætlanir félagsins gera ráð fyrir að á árinu 2023 hafi verið sett upp um 40 póstbox. Í dag þjóna póstbox því hlutverki að vera afhendingarstaður fyrir póstsendingar, sem og móttökustaður fyrir póstsendingar til afhendingar annars staðar.[1] Í viðauka 1 má sjá yfirlit yfir staðsetningu póstboxa um land allt.

### 2.2. Um bréfkassasamstæður

Engin reglugerð hefur enn verið sett af hálfu innviðarráðuneytisins til að innleiða mögulegar breytingar á fyrirkomulagi dreifingar í fámennu þéttbýli, eins og heimilt hefur verið frá 1. janúar 2020. Staðan um allt land er því ennþá sú að Íslandspósti er skylt að afhenda bréf heim að húsi, í þéttbýli, sbr. núgildandi reglur um staðsetningu bréfakassa og bréfakassasamstæðna, í 14. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 400/2020.

[1]https://posturinn.is/einstaklingar/posthus-postbox-og-pakkaport/postbox/

Í skýringum með frumvarpinu er vikið að því að verið sé að yfirfæra hugmyndina um bréfakassasamstæður yfir á stærra svæði. Jafnframt er tiltekið að alþjónustuveitandi eigi að geta ákveðið í samráði við viðkomandi sveitarfélög að setja upp bréfakassasamstæðu í tilteknu póstnúmeri þannig að íbúar geti sótt póstinn sinn í göngufæri. Þannig myndi bréfaútburður í hvert hús nánast líða undir lok.

Samkvæmt gildandi reglugerð um alþjónustu nr. 400/2000 er „fámennt þéttbýli" skilgreint með eftirfarandi hætti:

> Þéttbýlisstaður: Samfellt byggt svæði sem afmarkað er sem þéttbýli í aðalskipulagi sveitar-félags, annaðhvort út frá reiknireglunni um þyrpingu húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra, eða með öðrum hætti eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

Vera má að það þurfi að endurskoða skilgreiningu á þéttbýli í væntanlegri reglugerð ef frumvarpið verður að lögum. Íslandspóstur gerir ráð fyrir að fyrirtækið fái tækifæri að koma að sínum sjónarmiðu í þeirri vinnu sem framundan er við smíði reglugerðarinnar.

## 3. Kostnaður Íslandspósts af dreifingu á óvirkum markaðssvæðum

Í útnefningu ÍSP sem alþjónustuveitanda er m.a. kveðið á um að fyrirtækið eigi að skila sérgreindum útreikningi fyrir landpóstadreifingu og fyrir dreifingu á stöðum sem telja minni en 750 afhendingarstaði (lögheimili/fyrirtæki), sjá nánar ákvörðun PFS nr. 13/2020.

Útreikningar félagsins hafa í gegnum tíðina tekið mið af þessari skiptingu.

Kostnaður ÍSP af dreifingu með landpóstum hefur verið eftirfarandi:

2020: kr. 257.000.000,-
2021: kr. 467.000.000,-
2022: kr. 614.889.730,-

Kostnaður ÍSP af dreifingu póstsendinga í þéttbýli hefur verið eftirfarandi:

2020: kr. 181.000.000,-[2]
2021: kr. 102.000.000,-[3]
2022: kr. 219.817.142,-[4]

Þess ber að geta að ýmsir liðir hafa komið til frádráttar, útreiknuðum hreinum kostnaði, hvert ár. Tölurnar hér að ofan sýna því ekki endanlega greiðslu til ÍSP á þessum árum. Þannig var hreinn kostnaður félagsins vegna ársins 2020, 509 milljónir, vegna ársins 2021 563 milljónir og vegna ársins 2022 665 milljónir.

[2] Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 1/2021.
[3] Ákvörðun Byggðastofnunar nr. Á-1/2022.
[4] Ákvörðun Byggðastofnunar nr. Á-3/2023.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að með þeim breytingum sem frumvarpið boðar sé mögulegt að ná fram sparnaði í þéttbýli. Áfram er því gert ráð fyrir því dreifing með landpóstum í dreifbýli verði með sambærilegum hætti og áður.

**4. Tilraunaverkefni**

Íslandspóstur tilkynnti innviðarráðuneytinu, Byggðastofnun og sveitarstjórn Norðurþings, með bréfi, dags. 2. desember 2022, um tilraunaverkefni, þar sem ætlunin er að afhenta almenn bréf í póstbox.

Almennum bréfum hefur farið ört fækkandi á undanförnum árum og sér ekki ennþá fyrir endann á þeirri þróun. Vegna þess taldi ÍSP m.a. ástæðu til að kanna hvort ekki væri mögulegt að dreifa almennum óskráðum sendingum í gegnum póstbox, þ.e. að dreifing sé framkvæmd með sambærilegum hætti og dreifing á pökkum er í dag,

Ef vel tekst til þá myndi póstbox þar sem það er hagkvæmt koma í staðinn fyrir bréfakassasamstæður, Þetta myndi þýða að hvert og eitt lögheimili/atvinnuhúsnæði þyrfti ekki að eiga sinn sérstaka bréfakassa.

Með þessu fyrirkomulagi væri einnig mögulegt að sameina dreifikerfi pakka og bréfa, en Ríkisendurskoðun hefur t.d. í úttekt sinni á ÍSP bent á sameiningu dreifikerfa sem mögulega hagræðingaraðgerð.

Að mati ÍSP er því nauðsynlegt að kanna hvort hægt sé að afhenda almenn bréf í gegnum póstbox. Ef vel tekst til og mögulegt verður að leysa þau mál sem upp koma í tengslum við þessar breytingar, þá yrði litið á póstbox félagsins sem bréfakassasamstæður í skilningi 5. mgr. 27. gr. laga um póstþjónustu.

Undirbúningur að verkefninu er í fullum gangi og er stefnt að því að bréfadreifing í gegnum póstbox geti hafist á vormánuðum 2023.

Afrit af tilkynningu ÍSP um tilraunaverkefnið fylgir með umsögninni.

**5. Dreifing pakka og dagblaða**

Af lögskýringargögnum verður ekki annað ráðið en að tilgangurinn með frumvarpinu sé eingöngu að draga úr kostnaði við bréfadreifingu í þéttbýli. sbr. t.d. eftirfarandi ummæli í greinargerð: „Ljóst er þó að þetta á ekki við um bréf þar sem staðfesta þarf móttöku í eigin persónu og t.d. útburð dagblaða.

Vegna þessa ummæla vill ÍSP taka eftirfarandi fram. Íslandspóstur hefur á undanförnum árum dreift áskriftarblöðum, einkum á minni þéttbýlisstöðum sem og á landpóstaleiðum. ÍSP hefur litið á þessar póstsendingar eins og hverja aðrar nafnamerktar sendingar, sem eigi að afhenda eftir þeim almennu reglum sem gilda á hverjum tíma.

**6. Kostnaður við uppsetningu á bréfakassa**

Í 4. mgr. 27. gr. laga um póstþjónustu er gert ráð fyrir að móttakendum póstsendinga sé skylt að setja upp bréfakassa eða bréfalúgu svo að póstrekendur geti komið póstsendingum til skila á hagkvæman hátt. Um staðsetningu bréfakassa og bréfalúga fer síðan eftir ákvæðum byggingarreglugerðar. Um staðsetningu bréfakassa í dreifbýli fer hins vegar eftir reglugerð um alþjónustu.

PÓSTURINN

Í núgildandi lögum er hins vegar kveðið á um, sbr. 5. mgr. 27. gr. að alþjónustuveitandi beri kostnað af uppsetningu bréfakassasamstæðna í þéttbýli. Eins og vikið er að í kafla 4 hefur Íslandspóstur sett af stað tilraunaverkefni þar sem almennur bréfapóstur er afhentur í gegnum Póstbox. Fyrirtækið mun í framhaldinu upplýsa viðeigandi stjórnvöld um hvernig til hefur tekist, sem og um helstu álitamál sem upp kunna að koma. Ef vel tekst til sér ÍSP fyrir sér að í framtíðinni muni nánast öll afhending á póstsendingum fara í gegnum póstbox. Ef sú þróun verður ofan á yrði t.d. ekki ástæða til að setja upp bréfakassa fyrir hvert og eitt heimili/fyrirtæki, í svokallaðri bréfakassasamstæðu í þéttbýli.

Virðingarfyllst,

# Viðauki 1

Mynd nr. 1: Staðsetning póstboxa á landsbyggðinni.




Myndir sýnir staðsetningu póstboxa á landinu öllu. Á þeim stöðum sem eru merktir rauðir hafa verið sett upp póstbox. Á stöðum sem eru merktir grænir er áætlað að setja upp póstbox á þessu ári.

Mynd nr. 2: Staðsetning póstboxa á höfuðborgarsvæðinu.




Myndin sýnir staðsetningu póstboxa á höfuðborgarsvæðinu. Á þeim stöðum sem eru merktir rauðir hafa verið sett upp póstbox. Á stöðum sem eru merktir grænir er áætlað að setja upp póstbox á þessu ári.

PÓSTURINN

Byggðastofnun
Hjalti Árnason
Sauðármýri 2
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 2. desember 2022

**Efni: Afhending almennra bréfa í póstbox, tilraunaverkefni**

**1. Almennt**

Á undanförnum árum hefur Íslandspóstur farið í margskonar hagræðingar með það að markmiði að lækka tilkostnað við þjónustuna. Ástæða þess er m.a. sú mikla fækkun sem orðið hefur á almennum bréfapósti, á undanförnum árum, og þær afleiðingar sem það hefur haft á þann hluta af starfseminni sem snýr að bréfadreifingu.

Samkvæmt lögum nr. 98/2019 eiga allir notendur póstþjónustu (hér eftir lög um póstþjónustu) á Íslandi rétt á alþjónustu sem uppfyllir tilteknar gæðakröfur og er á viðráðanlegu verði fyrir notendur, sbr. 9. gr. laganna. Í inntaki alþjónustu er síðan nánar tilgreint í 2. mgr. 9. gr., sbr. einnig 7. gr. reglugerðar um alþjónustu og framkvæmd.

**2. Afhending póstsendinga innan alþjónustu**

Fjallað er um móttöku og afhendingu póstsendinga í 27. gr. laga um póstþjónustu.

Um afhendingu og atvik tengd henni er m.a fjallað um í 3-7. mgr., sem eru svohljóðandi:

> 3. Póstsendingu skal komið til þess sem hún er stíluð á eða hefur umboð til viðtöku hennar, í bréfakassa eða pósthólf viðtakanda, á afgreiðslustað eða sjálfsafgreiðslukassa, með skönnun á afhendingarstað ef við á, eða þangað sem utanáskrift segir að öðru leyti til um. Ekki er skylt að krefja um undirskrift viðtakanda nema fyrir sendingar þar sem greitt hefur verið fyrir slíka viðbótarþjónustu, þ.e. kvittun fyrir afhendingu.
>
> 4. Móttakendum póstsendinga er skylt að setja upp bréfakassa eða bréfalúgu svo að póstrekendur geti komið póstsendingum til skila á hagkvæman hátt. Um staðsetningu bréfakassa eða bréfalúgu fer að jafnaði eftir ákvæðum byggingarreglugerðar. Um staðsetningu bréfakassa í dreifbýli, t.d. fjarlægð frá heimili eða atvinnuhúsnæði, sem og staðsetningu í fjölbýlishúsum, er kveðið á í reglugerð um alþjónustu.
>
> 5. Alþjónustuveitanda er heimilt að setja upp á einum stað bréfakassasamstæður fyrir alla móttakendur póstsendinga í þéttbýli. Slík bréfakassasamstæða skal vera aðgengileg með tilliti til umferðar og umhverfis. Hafa skal samráð við viðkomandi sveitarstjórnir um staðsetninguna. Bréfakassasamstæður eru settar upp á kostnað alþjónustuveitanda. Nánar er kveðið á um útfærslu í reglugerð um alþjónustu, t.d. um póstnúmer þar sem

þetta er heimilt, frágang bréfakassasamstæðna, stærð, fjarlægðarmörk og staðsetningu.

6. Póstrekendum er heimilt að endursenda póstsendingar ef bréfakassar eða bréfalúgur viðtakanda eru ekki í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar eða reglugerðar um alþjónustu.

7. Póstsending telst vera í vörslu póstrekanda og á ábyrgð hans frá móttöku og þar til hún hefur verið afhent á tilgreindum afhendingarstað.

8. Sendandi telst eigandi póstsendingar sem hann hefur afhent póstrekanda þar til hún hefur verið afhent viðtakanda. Sendandi hefur jafnframt ráðstöfunarrétt yfir sendingunni og er heimilt að gefa póstrekanda ný fyrirmæli um póstmeðferð þar til hún hefur verið afhent tilgreindum viðtakanda.

9. Í tilfellum þar sem viðtakandi hefur pantað póstsendinguna, t.d. í netverslun, telst hann sendandi. Póstrekanda er heimilt að innheimta aukagjald vegna kostnaðar sem hlýst af nýjum fyrirmælum frá sendanda eða viðtakanda eða vegna atvika sem varða viðtakandann og koma í veg fyrir að hægt sé að veita þjónustuna í samræmi við skilmála hennar.

Ákvæðum þessum til fyllingar er síðan reglugerð nr. 400/2000, um alþjónustu og framkvæmd póstþjónustu, einkum ákvæði 8. gr. um útburð, 12. gr. um afhendingu póstsendinga og 14. gr. um staðsetningu bréfakassa og bréfakassasamstæðna.

*2.1 Afhendingarmöguleikar*

Samkvæmt 3. mgr. 27, laga um póstþjónustu, sbr. 12 og 14. gr. reglugerðar um alþjónustu eru eftirfarandi afhendingarmöguleikar heimilaðar samkvæmt gildandi reglum:

*2.1.1. Almenn bréf og magnpóstur*

Almenn bréf og magnpóstur eru ekki skráð inn í dreifikerfi Íslandspósts, að öðru leyti en því að þau eru talin inn í kerfið við móttöku. Af því leiðir að í raun liggur engin sönnun fyrir því í kerfum ÍSP hvort viðkomandi bréf hafi verið afhent á tilgreindum afhendingarstað. Gæði dreifingarkerfisins er hins vegar metin út frá gæðamælingum og eftir atvikum kvörtunum sem berast inn í þjónustuver fyrirtækisins.

Afhending almennra bréfa er framkvæmd með eftirfarandi hætti af Íslandspósti:

- Með bréfberum
- Í gegnum Fyrirtækjaþjónustu Íslandspósts
- Með Póstbíl (pósthús á hjólum, landpóstar)
- Í gegnum Pósthús í eigin rekstri
- Í gegnum Pósthús í samstarfi

Meginregla um afhendingarstað póstsendinga má sjá í 3. tölul. 3. mgr. 9. gr. um inntak alþjónustu, þar segir.

> Miða skal dreifingu innan alþjónustu við tvo daga í viku til einstaklinga sem hafa fasta búsetu, sbr. lög um lögheimili og aðsetur. Á sama hátt skal bera út póstsendingar til lögaðila sem hafa fasta atvinnustarfsemi í viðkomandi húsnæði.

Samkvæmt 4. mgr. 27. gr. laga um póstþjónustu er móttakendum póstsendinga skylt að setja upp bréfakassa eða bréfalúgu, svo að póstrekendur geti komið póstsendingum til skila á hagkvæman hátt.

Hvar nákvæmlega bréfakassi eða bréfalúga á að vera staðsett er mismunandi eftir því hvort viðkomandi notandi póstþjónustu (einstaklingur/atvinnufyrirtæki) er staðsettur í þéttbýli eða dreifbýli.

*Þéttbýli*
Í þéttbýli skal bréfakassi vera staðsettur við eða í húsi, sbr. 14. gr. reglugerðar um alþjónustu, sbr. og ákvæði byggingarreglugerðar. Langalgengast er að almenn bréf séu afhent með þessum hætti það er með bréfberum (gangandi eða á Pósthjóli) þar sem farið er hús úr húsi og almennur póstur borinn út til viðtakanda.

*Dreifbýli*
Í loka málsl. 4. mgr. 27. gr. laga um póstþjónustu er sérstök heimild til að láta aðra reglu gilda um staðsetningu bréfakassa í dreifbýli, en þar segir:

> Um staðsetningu bréfakassa í dreifbýli, t.d. fjarlægð frá heimili eða atvinnuhúsnæði, sem og staðsetningu í fjölbýlishúsum, er kveðið á í reglugerð um alþjónustu.

Reglurnar eru í 14. gr. reglugerðar um alþjónustu, en meginreglan er að bréfkassi eigi ekki að vera fjær húsi en 500 metrar að jafnaði.

*2.1.2 Pakkar og aðrar skráðar sendingar*
Þessar sendingar eru skráðar inn í dreifikerfi ÍSP við móttöku. Ástæða þess getur tengst gjaldtöku, kröfum um rekjanleika eða sendandi þarf af einhverjum ástæðum staðfestingu á því að sendingin hafi komist til skila.

Afhending skráðra póstsendinga er framkvæmd með eftirfarandi hætti af Íslandspósti:
- Í gegnum Fyrirtækjaþjónustu Íslandspósts
- Í gegnum Pakkaport
- Með Póstbíl (pósthús á hjólum, landpóstar)
- Í gegnum Póstbox
- Í gegnum Pósthús í eigin rekstri
- Í gegnum Pósthús í samstarfi

Afhendingarstaður skráðra póstsendinga er almennt ekki í gegnum bréfakassa eða lúgu. Hér geta margskonar afbrigði átt við eftir því um hvaða þjónustu er að ræða. Auk þess geta hér komið til atriði eins og skönnun sem sönnun fyrir afhendingu eða gefa þarf sérstaka kvittun fyrir afhendingunni, sjá nánar t.d. 3. mgr. 27. gr. laga um póstþjónustu sem og þjónustuleiðir ÍSP.

Almenn bréf og pakkar lúta því ekki að öllu leyti sömu reglum þegar kemur að meðhöndlun sem og afhendingu.

PÓSTURINN

### 3. Tilraunaverkefni Íslandspósts

Í núgildandi lögum um póstþjónustu er kveðið á um sérstaka heimild fyrir alþjónustuveitanda til að setja upp svokallaða „Bréfakassasamstæðu". Heimildin er svohljóðandi, sbr. 5. mgr. 27. gr. laganna:

> Alþjónustuveitanda er heimilt að setja upp á einum stað bréfakassasamstæður fyrir alla móttakendur póstsendinga í þéttbýli. Slík bréfakassasamstæða skal vera aðgengileg með tilliti til umferðar og umhverfis. Hafa skal samráð við viðkomandi sveitarstjórnir um staðsetninguna. Bréfakassasamstæður eru settar upp á kostnað alþjónustuveitanda. Nánar er kveðið á um útfærslu í reglugerð um alþjónustu, t.d. um póstnúmer þar sem þetta er heimilt, frágang bréfakassasamstæðna, stærð, fjarlægðarmörk og staðsetningu.[1]

Umrædd reglugerð hefur hins vegar ekki verið sett og ÍSP er ekki kunnugt um að vinna hafi farið í gang innan ráðuneytisins við undirbúning á setningu reglnanna.

Á fundi með íbúum Kópaskers þann 29.08.2022 var rædd sú hugmynd að fara í tilraunaverkefni og sameina/samræma afhendingu almennra bréfa og pakka til notenda póstþjónustu á staðnum. Íbúarnir voru jákvæðir að taka þátt í þessu verkefni. Vegna umfangs viðskipta á staðnum er ein af forsendunum fyrir uppsetningu á póstboxi á staðnum að nýta það einnig sem dreifileið fyrir bréf og með því verða dreifileiðir bréfa og pakka sameinaðar á þessum stað.

Gert er ráð fyrir að sett verði upp póstbox og hefur því þegar verið fundinn staður í samvinnu við íbúasamtök á staðnum. Stefnt er að uppsetningu á póstboxinu í desember 2022.

Framkvæmdin yrði í stuttu máli þannig að íbúar á viðkomandi lögheimili eða atvinnufyrirtæki myndu fá tilkynningu með SMS þegar póstsending (skráður pakki/almennt bréf) hefur borist til viðkomandi í póstboxið.

Íbúum og fyrirtækjum á staðnum verður kynnt nánar hvernig þjónustan verður útfærð þegar nær dregur.

Stefnt er að því að bréfadreifing fari af stað í gegnum póstboxið á vormánuðum 2023. Fram að því verður póstboxið notað til að taka á móti og afhenda pakka. Eftir 6 mánuði mun verða metið hvernig til hefur tekist og gerð skýrsla um framkvæmd. Í framhaldinu væri mögulega hægt að meta hvort eða hvenær dreifing almennra bréfa, í gegnum póstboxasamstæður, geti verið raunhæfur kostur hér á landi.

Gera má ráð fyrir að sú reynsla sem fæst út úr verkefninu geti nýst ráðuneytinu ef ákveðið verður að fara út í þá vinnu að smíða reglugerð á grundvelli 5. mgr. 27. gr. laga um póstþjónustu.

Ef nánari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

---

[1] Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um að rýmka þessa heimild enn frekar.

PÓSTURINN

Virðingarfyllst,

Afrit: Innviðaráðuneytið, Aðalsteinn Þorsteinsson
Katrín Sigurjónsdóttir, Sveitarstjóri í Norðurþingi

Neytendasamtökin

Umhverfis- og samgöngunefnd
Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 22. febrúar 2023

**Efni: umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um póstþjónustu (úrbætur á póstmarkaði), 531. mál.**

Mikilvægi bréfpóstsendinga í hvert hús og á hvern bæ eins og við höfum þekkt í árhundruð hefur dregist verulega saman, svo mjög að talað er um hrun í hverri árskýrslu Póstsins á fætur annarri undanfarin ár. Sem dæmi hætti Pósturinn frímerkjaútgáfu haustið 2020 og eru bréfasendingar nú einungis lítið brot af því sem áður var og mun að líkindum verða enn færri á næstu árum. Þannig hefur kostnaður við hvert útborið bréf farið hratt vaxandi og mikilvægt að bregðast við því.

Neytendasamtökin fagna því að leitað sé leiða til að daga úr kostnaði, en leggja áherslu á að tryggja verði að veikari hópur neytenda, eldra fólk, öryrkjar og aðrir sem eiga síður heimangengt til þess að fara í bréfkassasamstæður, fái áfram notið bréfasendinga heim til sín.

Sá reginmunur er á pakkasendingum og bréfasendingum að viðtakandinn í flestum tilfellum frumkvæði að pakkasendingunni, en nánast aldrei að bréfasendingunni. Því þarf að tryggja að viðtakanda sé gert viðvart, bíði hans bréf í bréfakassasamstæðu. Vegna lagalegs eða fjárhagslegs mikilvægis ýmiskonar bréfasendinga, svo sem innheimtuviðvaranir, tilkynningar frá opinberum aðilum og þess háttar, er bráðnauðsynlegt að viðtakanda sé gert viðvart um bréfapóstinn svo hann hafi tækifæri að bregðast við honum.

Í 2. mgr. 3. kafla greinargerðarinnar, „Meginefni frumvarpsins“ segir að bréfakassasamstæður verði settar upp „...þannig að íbúar geti sótt póstinn sinn í göngufæri.“ Þar sem „göngufæri“ er teygjanlegt hugtak telja Neytendasamtökin brýnt að það sé skilgreint með einhverjum hætti.

Þar sem umhverfis og samgöngunefnd skoðar breytingar á lögum um póstþjónustu benda Neytendasamtökin á að verulegt tilefni er til að endurskoða og skýra 3.mgr. 38.gr laganna, um endastöðvagjald. Þegar endastöðvargjaldinu var komið á með breytingum á

lögunum árið 2019, var í aðdragandanum ávallt nefnt að það væri nauðsynlegt til að stemma stigu við kostnaði vegna sendinga frá löndum sem hefðu stöðu þróunarríkja í skilningi alþjóðapóstssamningsins. Í framkvæmd var gjaldið lagt á sendingar frá öllum löndum, þar með talið EES löndum. Neytendasamtökin telja það ígildi viðskiptahindrana. Þá má jafnframt benda á að samkvæmt 3.mgr. 2.gr. greinargerðarinnar, sem og ársskýrslum Íslandspóst undanfarin ár hefur pakkasendingum fjölgað jafnt og þétt um árabil og gert er ráð fyrir að svo verði áfram. Líkt og færri bréf hafa leitt til hækkunar kostnaðar á hvert bréf hefur hækkað, hlýtur fjölgun pakka að hafa leitt til lægri kostnaðar á hvern pakka, að ekki sé talað um hagræðingu vegna svokallaðra „póstboxa" eins og getið er í 2.mgr. 6.gr. greinargerðarinnar og í ársreikningum Íslandspóst. Neytendur hafa ekki notið þessarar hagræðingar í lægra endastöðvargjaldi. Neytendasamtökin fara fram á það við nefndina að hún hlutist til um að endastöðvagjöld vegna pakkasendinga sem eiga uppruna á Evrópska efnahagssvæðinu verði aflögð.

Að ofangreindum athugasemdum virtum fagna Neytendasamtökin framkomnum breytingartillögum og eru reiðubúin að koma á fund nefndarinnar til að ræða þær frekar.

Virðingarfyllst f.h. Neytendasamtakanna,

Breki Karlsson, formaður

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 27. febrúar 2023

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um póstþjónustu nr. 98/2019 (úrbætur á póstmarkaði), 531. mál**

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvupósts umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 13. febrúar þar sem óskað var umsagnar samtakanna. SA vísa til fyrri umsagna sinna um málið í samráðsgátt stjórnvalda og taka undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Samtaka verslunar og þjónustu. Þá gera SA eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Það er forgangsatriði að skýra nánar hvað telst til póstþjónustu. Hugtakið í núgildandi lögum, nr. 98/2019, pþl., er villandi og því er nauðsynlegt að það verði endurskoðað. Á póstrekendum hvíla sérstakar skyldur og viðurlög séu þær ekki uppfylltar en borið hefur t.d. á því að farmflytjendur hafi ranglega verið taldir skráningarskyldir sem póstrekendur með tilheyrandi gjaldskyldu og öðrum íþyngjandi skyldum. Samkvæmt athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu tekur ráðuneytið undir þau sjónarmið að rétt sé að löggjafinn taki afgerandi afstöðu til þess hvort fyrirtæki reki póstþjónustu eða ekki. Ráðuneytið telur hins vegar að þetta þurfi frekari skoðunar við og því ekki tímabært að breyta fyrirliggjandi frumvarpi. Að mati SA þarf þetta að gerast samhliða þeim breytingum sem nú eru lagðar til. Það skýtur skökku við að fela Byggðastofnun ákveðin verkefni og sektarheimildir sem byggjast að stórum hluta á ófullnægjandi skilgreiningu í lögum. Að sama skapi er farmflytjendum sem starfa á íslenskum flutningamarkaði boðið upp á óvissar rekstraraðstæður.

Pþl. var ætlað að innleiða pósttilskipun Evrópusambandsins nr. 2008/6/EB. Í 21. tl. 4. gr. pþl. er póstsending skilgreind sem *sending með eða án áritunar á umbúðir hennar. Auk bréfa upp að 2 kg. teljast til póstsendinga bækur, verðskrár, dagblöð, tímarit og pakkar upp að 20 kg sem innihalda varning hvort sem hann er einhvers virði eða ekki.* Í pósttilskipuninni er hugtakið „postal parcels“ notað en í fyrrgreindu ákvæði er talað um „pakka.“ Eðlilegra væri að nota „bögglasending“ um það sem við er átt, þ.e. póst sem er of stór fyrir bréfasendingu en lýtur að öðru leyti lögmálum póstsendinga. SA hafna alfarið staðhæfingu ráðuneytisins um að orðið böggull sé ekki í samræmi við hefðbundna málvenju hér á landi og ekki notað í daglegu tali. Það er einfaldlega rangt. Orðið er að finna í eldri og nýrri orðabókum og beygingarlýsingu þess má finna á vef Árnastofnunar.[1] Þýðingarskekkjan sem blasir við í lögunum hefur valdið

[1] Sjá: https://bin.arnastofnun.is/leit/b%C3%B6ggull
og
https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/7724

miklum ruglingi og er tímabært að bæta úr. SA leggja því til að hugtakið „postal parcel“ fái rétta þýðingu og fari inn í lögin sem „bögglapóstur“ og samhliða fari hugtakið „pakki“ út.

**Virðingarfyllst**

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún B. Gísladóttir

Heiðrún Björk Gísladóttir

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd

Kópavogur, 28. febrúar 2023.
*Málsnr. 1910005*/PBG/HH

**Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um póstþjónustu nr. 98/2019 (úrbætur á póstmarkaði), 531. mál.**

SSH vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri vegna ofangreinds frumvarps sem samtökin fengu sent til umsagnar:

Með frumvarpinu er lagt til að heimildir til að nýta svokallaðar bréfakassasamstæður verði rýmkaðar en þær geti leitt til þess að í stað þess að bréf verði borin út í hvert og eitt hús á höfuðborgarsvæðinu þurfi viðtakendur að sækja bréfpóst í slíkar samstæður. Í greinargerð með frumvarpinu er þá bent á að talsverður tími muni líða þar til hægt verður að taka slíkar samstæður í notkun á höfuðborgarsvæðinu og að ýmis atriði þarfnist nánari útfærslu. Nánar eigi eftir að útfæra ýmis atriði, svo sem þjónustu við fólk sem kemst ekki einhverra hluta vegna í bréfakassasamstæður, t.d. vegna aldurs, fötlunar eða veikinda, staðsetningu bréfakassasamstæðna og samvinnu við skipulagsyfirvöld. Þá segir að verði frumvarpið að lögum muni alþjónustuveitandi geta ákveðið í samráði við viðkomandi sveitarfélag að setja upp bréfakassasamstæður í tilteknu póstnúmeri þannig að íbúar geti sótt póstinn sinn í göngufæri. Í 2. mgr. 5. tl. 27. gr. laga um póstþjónustu kemur þá fram að samráð skuli haft við viðkomandi sveitarstjórnir um staðsetningu bréfkassasamstæðna.

Samkvæmt framansögðu telja SSH enn nokkuð óljóst hvernig útfærslu og fyrirkomulagi verði háttað og leggja samtökin áherslu á að fullt samráð verði haft við sveitarfélögin á öllum stigum við frekari útfærslu þessarar heimildar verði frumvarpið að lögum. Við þá vinnu verði jafnframt tekið mið af skipulagsstefnu svæðisskipulags, sem og aðalskipulags hvers og eins sveitarfélags, en nú er almennt stefnt að því að styrkja meginkjarna sveitarfélaga sem sjálfbæra burðarása viðkomandi nærsamfélags, þar sem íbúum gefst tækifæri að sækja grunnþjónusta í auðveldu göngufæri við heimili. Þá er samstarf við sveitarfélögin sér í lagi mikilvægt þegar kemur að því að tryggja útfærslu þjónustunnar gagnvart þeim hópum sem af einhverjum ástæðum gætu átt örðugt um vik með að nálgast póst í bréfakassasamstæður, s.s. vegna aldurs, getu, öldrunar eða fötlunar. Þá skal bent á að póstnúmer eru afar misjöfn að stærð og því varhugavert að miða við tiltekinn fjölda bréfakassasamstæðna í hverju póstnúmeri án tillits til flatarmáls enda verði fyrst að skilgreina „göngufæri" og miða staðsetningu út frá því, sem og skilgreinda afmörkun hverfis- og nærþjónustukjarna í aðalskipulagi sveitarfélaga

Þá vilja SSH benda á viðfangsefni kafla 3 í Landsskipulagsstefnu 2015 – 2026 sem samþykkt var á Alþingi í mars 2016 þar sem segir: „Að þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna." Hætt er við að frumvarpið vinni gegn framangreindri stefnu ef útfærsla leiðir til aukinnar umferðar einkabíla og dragi úr þjónustu í nærumhverfi.

Beðist er velvirðingar á því að umsögn hafi ekki verið send fyrir lok umsagnarfrestar hinn 27. febrúar 2023.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Reykjavík, 27. febrúar 2023

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is



## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um póstþjónustu (úrbætur á póstmarkaði)

Hinn 2. desember 2022 lagði innviðaráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 98/2019, um póstþjónustu. Frumvarpið hefur verið tekið til skoðunar á vettvangi SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu og þykir ástæða til að koma eftirfarandi á framfæri.

### Lagfæring

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt upp með að orðunum „Póst- og fjarskiptastofnun" verði skipt út, úr ákvæðum laga nr. 98/2019, og í stað þeirra komi orðið „Byggðastofnun".

Samkvæmt sérstökum athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins er með henni efnislega lagt upp með lagfæringu á ákvæðum laga nr. 98/2019. Við samþykkt laga nr. 76/2021, sem höfðu þann tilgang að færa stjórnsýsluframkvæmd á sviði póstmála frá Póst- og fjarskiptastofnun til Byggðastofnunar, láðist að breyta ýmsum greinum laga nr. 98/2019. Þar með hafði Alþingi ekki beitt verkskipulagsvaldi sínu með svo fullnægjandi hætti að stjórnsýsluframkvæmdin hefði í raun og veru að fullu verið færð til Byggðastofnunar og samkvæmt orðum laganna hvíldi heimild til ýmiskonar ákvarðanatöku enn á herðum Póst- og fjarskiptastofnunar.

### Framkvæmd

Eins og áður segir kom á daginn, þegar Byggðastofnun hugðist beita valdheimildum samkvæmt breyttum lögum, að hún bjó við valdþurrð, þ.e. hafði ekki vald til töku ákvarðana sem hún hafði hafið undirbúning að.

Þær ákvarðanir sem Byggðastofnun hafði í undirbúningi, þegar kom á daginn að stofnunina skorti valdheimildir, sneru að álagningu dagsekta á fyrirtæki sem létu undir höfuð leggjast að skrá sig sem póstrekendur hjá Byggðastofnun. Ákvarðanir um dagsektir eru þvingunarúrræði stjórnvalda sem ætlað er að stuðla að breyttri hegðun, í þessu tilviki að hvetja aðila til skráningar sem póstrekandi. Dagsektir geta numið verulegum fjárhæðum og þar að auki er í 45. gr. laga nr. 98/2019 kveðið á um heimildir til rekstrarstöðvunar.

Auðsætt er að póstþjónusturekstur er ekki hið sama og rekstur þjónustu við vöruflutninga enda felur póstþjónusta í sér þjónustu sem nær til *móttöku og söfnunar, flokkunar, flutnings og dreifingar á póstsendingum gegn greiðslu*. Þrátt fyrir það hafði Byggðastofnun þann háttinn á að boða álagningu dagsekta á fyrirtæki í hraðflutningum og almennum vöruflutningum. Verður ekki betur séð að í því tilliti hafi Byggðastofnun hvað helst litið til þess að hugtakið póstsending væri skilgreint með eftirfarandi hætti í 21. tölul. 4. gr. laga nr. 98/2019:

*Póstsending*: Sending með eða án áritunar á umbúðir hennar. Auk bréfa upp að 2 kg teljast til póstsendinga bækur, verðskrár, dagblöð, tímarit og pakkar upp að 20 kg sem innihalda varning hvort sem hann er einhvers virði eða ekki.

(Undirstrikun SVÞ)



Með öðrum orðum virðist Byggðastofnun hafa litið svo á að öll fyrirtæki sem önnuðust flutning pakka upp að 20 kg teldust skráningarskyldir póstrekendur. Þessum skilningi var mótmælt og m.a. bent á að túlka yrði inntak skilgreiningar 21. tölul. 4. gr. laga nr. 98/2019 með hliðsjón af efni skilgreiningar pósttilskipunarinnar (sem var innleidd hér á landi með lögunum) sem er svohljóðandi á ensku:

*Postal item*: an item addressed in the final form in which it is to be carried by a postal service provider. In addition to items of correspondence, such items also include for instance books, catalogues, newspapers, periodicals and postal parcels containing merchandise with or without commercial value.

(Undirstrikun SVÞ)

Til þess er að líta að samkvæmt upplýsingum sem koma fram á heimasíðu Byggðastofnunar eru bæði hraðsendingafyrirtæki og vöruflytjendur í einhverjum tilvikum nú þegar skráðir póstrekendur!

## Fyrri ábendingar SVÞ

Þegar áform um framlagningu frumvarpsins voru birt á samráðsgátt stjórnvalda, hinn 15. júlí 2022, bentu SVÞ á að ekki væri aðeins nægilegt að framkvæma þá lagfæringu sem gerð er tillaga um í frumvarpinu heldur þyrfti samhliða að útfæra betur skilgreiningu póstþjónustu, í lögum nr. 98/2019, þannig að engin, hvorki fyrirtæki sem starfa á sviði flutninga og póstrekendur né Byggðastofnun, þyrfti að velkjast í vafa um inntakið. Ábendingunni var að nýju komið á framfæri við innviðaráðuneytið þegar drög að frumvarpinu voru birt á samráðsgáttinni, hinn 16. september 2022.

Um ábendingar SVÞ er stuttlega fjallað í 5. kafla greinargerðar frumvarpsins þar sem ráðuneytið tekur undir með samtökunum. Þrátt fyrir það og í ljósi framkvæmdar Byggðastofnunar hefur ekki verið brugðist við ábendingum SVÞ heldur er því þvert á móti borið við að það þurfi frekari umfjöllunar við að ákvarða skilsmun vöruflutninga og póstþjónustu. Það er hreint út sagt afleit staða.

## Áhrif

Verði frumvarpið samþykkt óbreytt eru verulegar líkur á að Byggðastofnun haldi áfram þar sem frá var horfið og krefjist þess að vöru- og hraðflutningafyrirtæki sem starfa á Íslandi skrái sig sem póstrekendur að viðlögðum dagsektum enda hafa engin merki sést í þá átt að stofnunin hafi endurskoðað fyrri afstöðu sína.

Þó skráningu póstrekanda fylgi réttindi fylgja henni einnig skyldur á borð við þá að merkja starfsemi sem rekstur póstþjónustu, birta almenna viðskiptaskilmála fyrir póstþjónustu á vefsíðu, vinna samkvæmt settum gæðakröfum póstþjónustu og standa skil á rekstrargjaldi og skráningargjaldi póstrekenda. Þá er unnt að leggja alþjónustukvöð á póstrekendur.

**Í ljósi framangreinds geta SVÞ ekki annað en lagst gegn samþykkt frumvarpsins nema umhverfis- og samgöngunefnd ráðist í að breyta á skilgreiningu á hugtakinu póstþjónusta til samræmis við hugtaksskilgreiningu pósttilskipunarinnar. Verði það ekki gert er afar hætt við að án tilefnis verði lagðar byrðar á hrað- og vöruflutningafyrirtæki víða um land sem brjóta í bága við skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum.**



Virðingarfyllst,

f.h. SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu

*Benedikt S. Benediktsson*
*lögfræðingur*

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. mars 2023

**Umsögn ÖBÍ réttindasamtaka um frumvarp til laga um breytingu á lögum um póstþjónustu, nr. 98/2019 (úrbætur á póstmarkaði)**

Megininntak frumvarpsins er að póstþjónustuaðilum sé heimilt að setja upp bréfakassasamstæður fyrir alla móttakendur póstsendinga í þéttbýli og þeir geti þar með hætt að bera út póst á heimili fólks. ÖBÍ bendir á að tilgangur frumvarpsins sé að lækka kostnað ríkissjóðs af póstþjónustu, en með því sé grunnþjónusta við almenning skert verulega sem bitni fyrst og fremst á fötluðu fólki og landsbyggðinni.

Í greinargerð kemur fram að „verði frumvarpið að lögum mun alþjónustuveitandi geta ákveðið í samráði við viðkomandi sveitarfélag að setja upp bréfakassasamstæður í tilteknu póstnúmeri þannig að íbúar geti sótt póstinn sinn í göngufæri.“ Viðmið umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar um göngufæri eru 400 metrar, en óvíst er hvort það sé sú skilgreining sem miðað er við hér. Samkvæmt könnun Maskínu[1] segist aðeins þriðjungur svarenda búa í minna en 1 km fjarlægð frá næstu matvöruverslun (bls. 4), þar sem skilja má að helst sé áætlað að setja upp téðar bréfakassasamstæður.

Ein uppgefin ástæða frumvarpsins er að fækkun bréfasendinga en samhliða fjölgun pakkasendinga undanfarin ár. Í könnun Maskínu kemur fram að fólk er líklegra til að fá bréfsendingu með hækkandi aldri og ætla má að fatlað fólk sé líklegra til að nýta sér póstþjónustuna en ófatlað, og það er fólkið sem má síður við því að sækja póstinn út fyrir heimilið. En um 19% svarenda í könnun Maskínu með heimilistekjur lægri en 400 þúsund segja það henti þeim fremur eða mjög illa að sækja pakka í póstbox (bls. 44), sem gefur ákveðna vísbendingu um það.

Þó svo að hægt væri að setja upp bréfakassasamstæður í innan við 400 m fjarlægð frá hverju heimili í þéttbýli, sem mun miðast við íbúaþyrpingu a.m.k. 50 manns, þá er aðgengi fyrir fatlað

---

[1] https://www.althingi.is/altext/erindi/153/153-3957.pdf

fólk víðast hvar mjög slæmt. Ástand gatna og gangstétta þarf víða að laga, hæðarmunur er mikill, veður geta verið óblíð og við búum við ofankomu, kulda og hálku stóra hluta ársins. Í greinargerð segir: „Koma þarf til móts við þá aðila sem ekki geta sótt póstinn sinn af einhverjum ástæðum, t.d. sökum fötlunar, aldurs eða veikinda en fyrir liggur heimild í gildandi lögum til að útfæra þjónustuna nánar í reglugerð, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 47. gr.“

Það er alls óvíst hvernig eigi að útfæra þjónustuna nánar og hvort og hvenær sú heimild verður nýtt. Hvern eigi að láta vita, hvernig fólk eigi að vita af þeim rétti, hvort það þurfi að meta sérstaklega og af hverjum að viðkomandi geti í raun ekki sótt póstinn sinn út fyrir heimilið, o.s.frv. Af gefnu tilefni má efast um að slík útfærsla í reglugerð muni virka vel í reynd, enda sé þá um að ræða viðbót sem ekki hefur verið hugsað fyrir frá upphafi en allar kerfisbreytingar þarf að hanna út frá aðstæðum viðkvæmustu hópanna til að þær bitni ekki á þeim þegar á hólminn er komið.

ÖBÍ lítur svo á að ákvæði frumvarpsins muni skerða aðgengi og þjónustu fatlaðs fólks að póstþjónustu, sérstaklega á landsbyggðinni, og leggur til að lögfestingu frumvarpsins verði frestað þar til kannað verði nánar hver áhrif þess muni hafa á fatlað fólk um þessa grunnþjónustu og hvernig hægt er að tryggja að ekki sé gengið á réttindi þess.

Ekkert um okkur án okkar.

Með vinsemd og virðingu,

Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ

Stefán Vilbergsson
verkefnastjóri ÖBÍ

Bergur Þorri Benjamínsson
formaður aðgengishóps ÖBÍ